

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

SKÓLAMÁL Í ÖXARFIRÐI

Mat á ytri aðstæðum vegna breytinga á skipulagi skólamála

Febrúar 2009

Hjalti Jóhannesson

Sigrún Sif Jóelsdóttir

Skýrsla unnin fyrir sveitastjórn Norðurþings

EFNISYFIRLIT

1	HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	1
2	INNGANGUR.....	2
3	GÖGN OG AÐFERÐIR.....	4
4	AÐDRAGANDI OG FORSENDUR	6
4.1	UM FÁMENNA SKÓLA.....	6
4.2	SAMREKSTUR MISMUNANDI SKÓLASTIGA, HEILDSTÆÐ SKÓLASTEFNA	9
4.3	TILLÖGUR ÞRÓUNARTEYMIS ÖXARFJARÐARSKÓLA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM.....	11
4.4	SAMFÉLAGSÞRÓUN Á SVÆÐINU	13
4.5	ÍBÚAFJÖLDI OG BREYTINGAR HANS Á ÁRUNUM 1998-2008	15
5	ÞRÓUN OG STAÐA SKÓLAMÁLA Á SVÆÐINU.....	22
5.1	YFIRSTJÓRN SKÓLAMÁLA.....	22
5.2	SKÓLARNIR, AÐSTAÐAN OG ÞJÓNUSTAN	23
5.3	NEMENDUR OG KENNARAR	24
5.4	SKÓLAAKSTUR.....	29
6	VIÐHORF Í SAMFÉLAGINU.....	34
6.1	FORELDRAHÓPUR Á KÓPASKERI	34
6.2	FORELDRAHÓPUR Í LUNDI.....	35
6.3	FULLTRÚAR FYRIRTÆKJA OG FRAMFARAFÉLAGS	37
6.4	SAMANTEKT UM VIÐHORF Í SAMFÉLAGINU	39
7	VALKOSTIR UM BREYTT FYRIRKOMULAG SKÓLAMÁLA.....	41
7.1	VALKOSTUR 1: EINN SKÓLI OG TVEIR KENNSLUSTAÐIR, SAMA FYRIRKOMULAG OG TIL VORS 2008.....	42
7.2	VALKOSTUR 2: LEIKSKÓLI OG YNGSTA STIG GRUNNSKÓLA ÁFRAM Á KÓPASKERI EN 5.-10. BEKKUR AF NÚVERANDI SKÓLASVÆÐI KÓPASKERSSKÓLA STUNDI SKÓLA Í LUNDI.	43
7.3	VALKOSTUR 3: LEIKSKÓLI ÁFRAM Á KÓPASKERI EN ALLIR GRUNNSKÓLANEMAR AF NÚVERANDI SKÓLASVÆÐI KÓPASKERSSKÓLA STUNDI SKÓLA Í LUNDI.	44
7.4	UMRÆÐA OG SAMANTEKT	45
	HEIMILDIR	47

MYNDIR OG TÖFLUR

	Bl.
Mynd 1. Sveitarfélagaskipan á svæðinu.	13
Mynd 2. Íbúafjöldi í Kelduneshreppi á Kópaskeri og dreifbýli Öxarfjarðar árin 1998-2008 16	
Mynd 3. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá ári til árs á árabílinu 1998-2008	17
Mynd 4. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 1998.....	18
Mynd 5. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 2006.....	19
Mynd 6. Búferlaflutningar 1997-2006, aðfluttir umfram brottflutta per 100 íbúa (%).	19
Mynd 7. Aðfluttir til Kópaskers eftir því hvaðan þeir koma á árunum 2000-2008	20
Mynd 8. Brottfluttir frá Kópaskeri eftir hvert þeir fara á árunum 2000-2008	21
Mynd 9. Skipurit Norðurþings 2008	22
Mynd 10. Fjöldi nemenda í skólum á athugunarsvæðinu 2000-2008	25
Mynd 11. Fjöldi barna 0-15 ára eftir búsetu	26
Mynd 12. Framreikningur á fjölda barna miðað við nemendafjölda og íbúaskrá 2008.....	27
Tafla 1. Helstu fyrirtæki á Kópaskeri	15
Tafla 2. Starfsmenn Kópaskersskóla 2008- 2009	28
Tafla 3. Starfsmenn Öxarfjarðarskóla 2008- 2009	29
Tafla 3. Skólaakstursleiðir	30
Tafla 4. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.....	31
Tafla 5. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.....	32

1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Sýnt þykir að það sé ekki raunhæfur valkostur við þessar aðstæður að flytja í heild sinni allt skólalald undir eitt þak, hvorki í Lundi né á Kópaskeri. Hvorki er samstaða né samstarfsgrundvöllur um slíkt fyrirkomulag í samfélaginu í heild.
- Andstaða við flutning leikskólans frá Kópaskeri er meiri en við flutning grunnskólans.
- Skólinn á Kópaskeri er mikilvægasta þjónustustofnunin á staðnum og einn mannfrekasti vinnustaðurinn. Líkur eru á að lokun hans muni hafa neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í þorpinu.
- Vegalengdir innan Öxarfjarðar setja því skörður hvaða staðsetningar koma til greina fyrir skóla á svæðinu. Lundur hefur mun miðlægari staðsetningu en Kópasker miðað við búsetu nemenda. Þó yrði heldur langt frá Sléttu til Lundar en engin börn þaðan eru í skóla um þessar mundir.
- Þrír valkostir virðast einkum koma til greina um fyrirkomulag skólamála á svæðinu.
 1. Einn skóli og tveir kennslustaðir, sama fyrirkomulag og til vors 2008.
 2. Leikskóli og yngsta stig grunnskóla áfram á Kópaskeri en 5.-10. bekkur af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.
 3. Leikskóli áfram á Kópaskeri en allir grunnskólanemar af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.

2 INNGANGUR

Hinn 20. maí 2008 lagði sveitastjórn Norðurþings til að hafinn yrði undirbúningur að því að koma á heildstæðu skólastarfi, undir einu þaki við Öxarfjarðarskóla í samræmi við eftirfarandi bókun.

Sveitarstjórn Norðurþings leggur til að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að skólastarf við Öxarfjörð verði í heildstæðum skóla undir einu þaki. Stefnt er að því að heildstæður skóli sem þjónar öllu skólasvæðinu taki til starfa við upphaf skólaárs 2009 - 2010.

Sveitarstjórn felur skólastjórnendum og Öxarfjarðarskóla og Krílakots að útfæra og þróa hugmyndina um innra starf og skipulag heildstæðs skóla.

Sveitarstjórn mun skipa vinnuhóp sem geri tillögu að staðsetningu heildstæðs skóla er þjóni skólasvæði núverandi Öxarfjarðarskóla. Megináhersla í vinnu hópsins verði að meta aðstæður í samfélaginu á svæðinu og skoða hvernig breyting á skólahlaldi getur nýst svæðinu öllu til framdráttar.

Umræða um málið fór af stað er hugmynd um breytta tilhögun í skólastarfi var kynnt þann 15. apríl á íbúafundi. Það var fimm manna hópur fagfólks við skólann, þróunarteymi Öxarfjarðarskóla, sem kynnti þar hugmyndir sínar um breytingar á staðsetningu skólalahalds¹.

Í tillögu þróunarteymisins var miðað við að heildstæður skóli, sem þjónustaði allt skólasvæði Öxarfjarðarskóla, hefji störf við upphaf skólaárs 2009-2010. Í ljósi þess að tillagan hlaut mikla andstöðu í samfélaginu ákvað sveitarstjórn að skipa vinnuhóp sem hefði það verkefni að gera tillögu að staðsetningu heildstæðs skóla sem tæki við af Öxarfjarðarskóla. Í stað þess að heimamenn yrðu í vinnuhópnum var leitað til sérfræðinga við RHA (Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri) um að gera úttekt á málinu og tillögur um æskilegustu útfærslu.

Meginverkefni þessarar úttektar felst í því að meta aðstæður í samfélaginu á svæðinu með tilliti til þess hvernig breyting á skólastarfi gæti orðið öllu svæðinu til framdráttar. Með þetta að leiðarljósi skyldu gerðar tillögur um framtíðarstaðsetningu skólans sem tækju mið af vegnum kostum og göllum sem af þeim kunna að hljóta. Staðsetning sem til greina kemur þarf öðru fremur að vera til þess fallin að bæta stöðu samfélagsins til lengri tíma lítið. Áætlað var að starfi vinnuhóps skyldi lokið í desember 2008 svo að heildstæður skóli geti tekið til starfa á tilætluðum stað til frambúðar í byrjun skólaársins 2009-2010.

¹ Hugmyndirnar voru áður kynntar kennurum.

Verkefnið var í höndum Hjalta Jóhannessonar, verkefnisstjóra og Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur sérfræðings við RHA.

3 GÖGN OG AÐFERÐIR

Eftirfarandi þættir eru einkum til skoðunar skv. verksamningi frá í ágúst 2008 og lítið svo á að kjarni þessa verkefnis verði athugun á mismunandi kostum um staðsetningu heildstæðs skóla í samræmi við ofangreint:

- a) Greining á lýðfræðilegum (e. demographic) aðstæðum. Greining á fjölda skólabarna á svæðinu eftir skólahverfum og þróun til næstu ára miðað við íbúaskrá sveitarfélagsins. Skoðuð íbúapróun, samsetning mannfjöldans og búferlaflutningar á undanförunum árum.
- b) Greining á landfræðilegum aðstæðum. Athugaðar vegalengdir á svæðinu með tilliti til búsetu skólabarna og kennslustaða. Skoðuð mismunandi staðsetning kennslustaða út frá þessum forsendum.
- c) Skoðun á viðhorfum í samfélaginu. Haldnir rýnihópafundir (e. focus groups) með foreldrum barna á skólasóknarsvæði í Lundi og á Kópaskeri til að fá fram sjónarmið þeirra og viðhorf til mismunandi skipulags skólamála:
 - Foreldrar barna í Lundi,
 - Foreldrar barna á Kópaskeri,
 - Foreldrar barna á Kópaskeri sem ekið er í Lund.

Þetta var framkvæmt í tveimur rýnihópum. Gert var ráð fyrir 6-8 manns í hverjum rýnihópi sem hafði jafna skiptingu landfræðilega, eftir kynjum og eftir aldri barnanna. RHA sá alfarið um að velja fulltrúa í hópana.

- d) Tekin voru viðtöl við skólastjóra og starfsfólk í skólunum á Kópaskeri og í Lundi. Sérstök viðtöl voru tekin við skólastjóra en rætt við starfsfólk á fundum í hvorum skóla fyrir sig.

Í skýrslunni eru bornir saman kostir og gallar við mismunandi skipan skólamála á svæðinu sem byggir á ofangreindri gagnaöflun og greiningu.

Framkvæmd rannsóknarinnar má því í stórum dráttum skipta í tvo megin þætti. Annars vegar er byggt á greiningu gagna um skólalald á svæðinu, lýðfræðilega og landfræðilega þætti (líðir a og b að ofan). Þessi gögn voru fengin frá opinberum aðilum s.s. Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðinni, Landmælingum Íslands og Norðurþingi. Jafnframt voru skoðaðar fyrri rannsóknir um skólalald í fámennum byggðarlögum bæði innanlands og utan.

Hinn þátturinn (liðir c og d) snýr að þeim viðhorfum sem eru í samfélaginu gagnvart breytingum og núverandi skólahlaldi. Til að fá fram viðhorf og skoðanir á mismunandi skipulagi í samfélaginu voru kallaðir saman rýnihópar foreldra barna á Kópaskeri, í Lundi og svo foreldrum barna á Kópaskeri sem ekið er eða hefur verið ekið í Lund. Valdir voru sex foreldrar í hvern hóp og haft til viðmiðunar að þeir mynduðu sem best þversnið af hverju svæði fyrir sig með tilliti til búsetu innan svæðisins, aldurs barnanna og jafna skiptingu kynjanna. Auk þess voru tekin viðtöl við skólastjóra og haldnir fundir með starfsfólki í hvorum skóla um sig. Þá var rætt við forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja á Kópaskeri og nágrenni og formann Framfarafélags Öxarfjarðar.

Alls voru viðmælendur í einstaklingsviðtölum 20 talsins og 28 í hópviðtölum. Viðtöl tekin á staðnum áttu sér stað dagana 7. og 9. október 2008. Önnur viðtöl voru tekin í gegnum síma. Á grundvelli úrvinnslu ofantalinna gagna var síðan tekin saman álitgerð og mat lagt á forsendur fyrir mögulegum breytingum á fyrirkomulagi skólahlalds á svæðinu.

4 AÐDRAGANDI OG FORSENDUR

Eins og fram kom í inngangi var tillaga þróunarteymis skólastjóra, þriggja kennara í Öxarfjarðarskóla og leikskólastjóra Krílakots um breytt fyrirkomulag skóla sett fram á kynningarfundum í Lundi 15. apríl 2008. Yfirskriftin var: „*Heildstæð skólustefna undir einu þaki, barnið í brennidepli*“. Tillögun, sem kynnt var á fundinum, má sjá í heild sinni í viðauka 1. Megintilgangurinn samkvæmt tillögunni var að styrkja skólastarfið og mæta þörfum nemenda og fjölskyldna á faglegum grunni með breyttu fyrirkomulagi skóla. Markmiðið var „að kennsla, stuðningur og heimanám ásamt tómstundastarfi sé samfelldur vinnudagur hjá nemendum og starfsfólki“ (Þróunarteymi í Öxarfjarðarskóla, 2008).

Samkvæmt höfundum tillögunnar hefur umræða um breytingar á skipulagi skólamála á svæðinu komið upp með jöfnu millibili síðasta áratuginn og þá gjarnan í tengslum við hugmyndir um að minnka kostnað við rekstur fremur en annað². Aðrar ástæður liggja að baki tillögu þróunarteymisins og var þeim einnig lýst í framsögum þeirra með tillögunni en gerð er grein fyrir tillögunni í kafla 4.3. Vegna fólksfækkunar á svæðinu og „þróunar og samsetningar nemendahópsins“ þótti þróunarteyminu nú faglegu starfi í skólunum ógnað. Grunnskólanemendur á Kópaskeri voru 19 haustið 2008 en voru 31 haustið 2000. Einnig hefur fækkað mjög í Lundi en þar hefur fækkað um 20 nemendur frá 2005, úr 57 í 37. Sérstakar ástæður sem gefnar eru fyrir hugsanlegum breytingunum tengjast fyrst og fremst umbótum í þágu nemenda, fjölskyldna, samfélags og starfsfólks skólanna. Allt þetta helst þó að einhverju leyti í hendur.

4.1 Um fámenna skóla

Tæpur helmingur grunnskóla á Íslandi eru fámennir skólar í þeirri merkingu að deildir skólanna eru færri en árgangar þar sem námshópar eru settir saman úr tveimur eða fleiri árgöngum (Rúnar Sigþórsson, 2003). Kópaskersskóli og Öxarfjarðarskóli eru báðir fámennir skólar. Þótt öll kennsla yrði sameinuð á einn stað teldist slíkur skóli einnig fámennur.

Eins og fyrr kom fram virðist einkum kalla á breytingar hversu nemendum hefur fækkað á svæðinu. Tillaga þróunarteymisins um breytt skólahlald dró hins vegar

² Tillaga þessa efnis mun hafa komið upp tvívegis áður samkvæmt upplýsingum frá viðmælendum.

fram faglega þörf á sameiningu ólíkt því sem var í fyrri tillögum um sameiningu er megináhersla var á hagræðingu vegna rekstrarkostnaðar.

Áhyggjur eru meðal annars af félagslegri einangrun nemenda og samsetningu hópsins og hvernig það hefur áhrif á vellíðan nemenda og tækifæri til félagslegs þroska. Fámenni getur haft takmarkandi áhrif á þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að uppfylla væntingar um félagslegan þroska. Með því að fjölga í námshópunum mætti vinna gegn vinaleysi eða „félagslegu sveltí“ og auka líkur á að nemendur geti valið sér sína vini sjálfir meðal jafningja. Sem dæmi myndi fjölmennari skóli bjóða uppá frekara starf með börnunum á borð við hópastarf, aldursskiptingu og örvun og þjálfun sem krefst þess að börn vinni í hópum og eigi samskipti.

Til eru rannsóknir sem draga í efa samhengið á milli félagslegra samskipta og fjölda nemenda. Tæpur helmingur grunnskóla á Íslandi eru eins og fyrr segir fámennir skólar í þeirri merkingu að deildir skólanna eru færri en árgangar þar sem námshópar eru settir saman úr tveimur eða fleiri árgöngum. Oftast tengir fólk fámenna skóla við strjálbýli eða lítil byggðarlög eins og hér á Íslandi og Norður Noregi sem dæmi. Það er þó ekki svo að litlir skólar séu nauðsynlega í fámenni. Í Norfolk á Englandi er hæsta hlutfall fámennra skóla (um 40%) ekki ósvipað og finnst hér á Íslandi. Þá er átt við barnaskóla þar sem 5-11 ára nemendur eru innan við 100 og kennarar á bilinu 2-5. Rétt er að hafa í huga að í því dæmi sem hér er til skoðunar eru nemendur enn færri, eða undir 20 í fámennari skólanum. Rúnar Sigþórsson (2003) bendir á að það sé þó langt í frá gefið að litlir skólar þurfi að þjást félagslega vegna smæðar sinnar. Faglegar ástæður sem gefnar eru og snúa að nemendum byggja meðal annars á þeirri forsendu að saman fari félagsleg gæði og stærð og samsetning aldurshópa. Forsenda fyrir félagslegum gæðum hvílir meðal annars á tiltekinni skilgreiningu á vina- og jafningjahópi sem segja má að sé hefð fyrir þar sem stærri skólar eru viðmið fyrir skólalald. Þá er gjarnan lagt að jöfnu aldurshópur og jafningjahópur. Einnig eru þau rök algeng að í litlum jafningjahópum í fámennum skólum séu skertir möguleikar á samkeppni og vitsmunalegri örvun. Bell og Sigsworth (1987) benda á að þetta sé gert jafnvel þó svo að þau gögn sem til eru um litla skóla styðji ekki þá hugmynd að a) jafningjahópur sé aldurshópur og b) stærð jafningjahópa í sjálfu sér hafi úrslitaáhrif á frammistöðu. Meyenn (1980), sjá í Bell og Sigsworth (1987), skoðaði hvernig börn hópa sig saman í

stærri skólum og velja sér vini en Finch (1986), sjá í Bell og Sigsworth (1987), skoðaði fámenna skóla í sama tilliti. Með því að skoða þessar ólíku gerðir skóla mátti sjá hvernig börn völdu sig saman í jafningjahópa og aðlöguðu sig því félagslega samhengi sem þau bjuggu við. Í skólaumhverfi þéttbýlisins mátti sjá að jafningjahópar voru fremur einsleitir. Þeir mynduðust fyrst og fremst út frá einu kyni og einum aldurshópi bæði afmörkuðust verulega af staðfestu skólaskipulagið sem var bekkjarskipt. Í fámennari skólum dreifbýlis voru vinahópar frekar aldursblandaðir og tengsl voru líka á milli kynjahópa og kom berlega í ljós að börnunum leið vel í sínum jafningjahópi. Börnin upplifðu skólasamfélagið sem eina órofna heild. Rannsóknir sem til eru á jafningjahópum og tengslamyndun benda fremur til að jákvæðari gagnkvæm sambönd verði til í litlum skólum heldur en annað. Andstætt því, til að mynda, að lítillar samkeppni gæti milli nemenda er mögulegt að það verki hvetjandi á frammistöðu þeirra hversu lítil hætta er á því að þeir séu fordæmdir fyrir að leggja hart að sér í náminu. Varasamt gæti reynt að yfirfæra þessar niðurstöður þar sem samfélagslegar aðstæður kunna að vera aðrar. Þannig hafa rannsóknir RHA á fámennum skólum, t.d. 40-50 nemenda skólum í Suður-Þingeyjarsýslu, skólum á Suðurlandi og í Borgarfirði sýnt fram á að foreldrar hafa verulegar áhyggjur af félagslegum aðstæðum nemenda. Hér er yfirleitt um að ræða skóla í dreifbýli þar sem byggð hafði grisjast svo að fækkað hafði verulega á upptökusvæði skólanna, sjá t.d. Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson (2007). Samanburður þessara foreldra er miklu fremur við þann raunveruleika sem var áður en byggð grisjaðist á viðkomandi svæði fremur en þéttbýlið.

Bell og Sigsworth, (1987) draga í efa réttmæti þess að stór en einsleitur og skýrt afmarkaður hópur fólks sé ávallt viðmiðið þar sem sýnt hefur verið fram á að blandaður fámennari hópur einstaklinga í dreifbýli virðist geta skapað sér ásættanleg lífsskilyrði. Samskonar viðhorf koma t.d. fram hjá talsmönnum fámennra skóla á Íslandi.

Eins og bent hefur verið á að ofan felast ýmis tækifæri í fámennum skólum í fámennum byggðarlögum jafnvel þó að margt bendi til að þau tækifæri séu oft ekki augljós eða fullnýtt.

Samkvæmt rannsókn á íslenskum skólum virðist raunin þó vera önnur og að kennarar hafi aðra sýn. Samkvæmt Kristínu Aðalsteinsdóttur (2000) er smæð

samfélags hins fámenna skóla og nán félagsleg tengsl oft byrði á kennurum og getur valdið erfiðleikum við formleg samskipti innan skóla og við samfélagið. Niðurstaða hennar er sú að kennarar í fámennum skólum noti fábreyttar kennsluaðferðir og eigi ekki árangursríkt samstarf við samstarfsmenn og foreldra. Auk þess að þeir hafi sjálfir ekki tiltrú á kostum fámennis og séu oft faglega einangaraðir. Samkvæmt Margréti Harðardóttur og Sigþóri Magnússyni (1990) reynist samkensla kennurum erfið þar sem skipulag kennslu tekur of sterkt mið af því kennslufyrirkomulagi og skipulagi sem tíðkast í fjölmennum skólum (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2000; Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnússon, 1990). Fámennur skóli þarf í sjálfu sér ekki að vera slæmur kostur en gæði hans virðast þá helst felast í þeim tækifærum sem til staðar eru og að þeim sem innan skólans starfa sé gert kleift að nýta kosti fámennis með einhverjum hætti. Báðir skólarnir í Öxarfirði eru fámennir skólar og yrðu það áfram jafnvel þó svo að til þess kæmi að fjölgað yrði í hópum eða öllum börnum yrði kennt á sama stað. Möguleikar skólanna beggja saman eða hvors um sig hljóta að einhverju leyti að felast í því hvernig kostir fámennis eru nýttir.

4.2 Samrekstur mismunandi skólastiga, heildstæð skólastefna

Samkvæmt því sem kom fram hjá þróunarteymi Öxarfjarðarskóla er þörf á heildstæðum skóla þar sem börnin ljúka vinnudegi sínum og kennsla, stuðningur og heimanám ásamt tólmstundastarfi er samfellt. Betri þjónusta skóla sé hagur allra í fjölskyldunni og í samfélaginu.

Fækkun barna hefur orðið bæði í leikskólum og grunnskólum Öxarfjarðar. Hluti af tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla var að leikskóli og tónlistarskóli yrði rekinn undir sama þaki og grunnskólinn. Samfella milli leikskóla og skóla yrði meiri með þessum hætti og myndi efla leikskólastarfið. Félaglegur hagur leikskólabarnanna yrði styrktur með samstarfinu og myndi auka öryggi barnanna þegar kæmi að upphafi grunnskólagöngu. Einnig yrði hægara um vik að hafa faglegt samstarf milli leikskóla og tónlistarskóla.

Á síðustu árum hefur myndast þrýstingur frá fámennum sveitarfélögum á stjórnvöld um að heimilt verði að reka saman mismunandi skólastig. Ekki síst þar sem skortur er á fagmenntuðu fólki og stjórnendum. Að hafa einn

stjórnanda yfir skólum sveitarfélags býður einnig upp á hagræðingarmöguleika fyrir sveitarfélögin.

Samkvæmt 45. gr. laga um grunnskóla sem samþykkt voru sumarið 2008 er sveitarfélögum nú heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir sömu skólastjórn eftir umsögn skólanefndar. Þá þarf viðkomandi skólastjóri að vera með kennslupróf á grunn- eða leikskólastigi. Að öðru leyti er rekstur samrekins skóla með sama hætti og kveður á um í lögum um hvert skólastig. Það er nýmæli í íslenskum grunnskólalögum að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman skóla (skólastig) með þessum hætti, þrjá saman eða tvo, til dæmis leikskóla og grunnskóla eða tónlistarskóla og grunnskóla. Fram kom í athugasemdum við frumvarp til þessara nýju grunnskólalaga að áhugi sveitarfélaganna á slíkum samrekstri hafi aukist og skólar hafi þegar sameinað húsnæði og starfskrafta. Hingað til hefur þó verið óheimilt að ráða einn stjórnanda yfir stofnun sem þessari. Lagaákvæði um samrekstur skóla gerir ráð fyrir því að samrekstur mismunandi skóla geti annað hvort farið fram innan sveitarfélags eða að sveitarfélög eigi samvinnu um slíkan skólarekstur. Með hagræðingu af þessu tagi er fyrst og fremst opnað fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna en ekki í þeim tilgangi að margir skólar séu sameinaðir undir einum skólastjóra eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Lögð er áhersla á að við ákvörðun um samrekstur skóla ráði allt í senn staðbundnar aðstæður, fagleg og rekstrarleg sjónarmið. Breytingin á lögnum er einkum hugsuð í þágu þeirra sveitarfélaga sem vegna fámennis gætu hagað skólahaldi betur á ofangreindan hátt með samrekstri. Möguleiki á samrekstri skóla í Öxarfirði og hagræðing í stjórnun og mönnun skólanna er vissulega fyrir hendi að því gefnu að tekin sé til greina fagleg sem rekstrarleg sjónarmið samhliða því að tekið sé mið af staðbundum aðstæðum. Starfskraftar gætu auk þess nýst betur með þessu fyrirkomulagi, auðveldara yrði að dreifa álagi á starfsfólk og myndi vera svar við þeirri manneklu sem glímt er við, samanber framsögu fulltrúa þróunarteymis Öxarfjarðarskóla á kynningarfundum 15. apríl 2008.

Þó að deila megi um félagslegan ávinning nemenda með fjölgun í hópum getur samrekstur tónlistar-, grunn- og leikskóla samt sem áður verið ein leið til að styrkja og auka hagkvæmni fámennra skóla. Þessi leið hefur verið reynd t.d. í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit. Til að varpa ljósi á þá ólíku afstöðu sem til

staðar er, má benda á að Ólafur Arngrímsson skólastjóri á Stórutjörnum segir í viðtali í Sveitarstjórnarmálum (2006b) að þegar skólamál séu rædd sé tilhneiging til að taka mið af þörfum og aðstæðum í þéttbýli. Fámennir skólar verði alltaf dýrari en fjölmennir, ekki sé hægt að gera til þeirra sömu rekstrarlegu kröfur. Í viðtali sem Rúnar Sigþórsson tók við Dr. Adrian Bell árið 2003 bendir hann á að það sama gildi um alla þjónustu á fámennari stöðum, hún er dýrari en sú sem veitt er í þéttbýli. Taka má undir þetta enda hafa sveitarstjórnarmenn á undanförunum árum þurft að leita leiða til að hagræða í skólamálum. Þrátt fyrir slíka hagræðingu er þó ljóst að á fámennari svæðum verður seint unnt að gera sömu kröfur til rekstrarlegrar hagkvæmni og í þéttbýlinu.

Fagleg vinna kann að reynast auðveldari ef allir eru á sama stað í þeim skilningi að hægara verði að kenna börnunum, halda utan um þarfir þeirra og fylgjast með þeim ef þau eru öll á sama stað. Ávinningur af slíkri sameiningu hlýtur þó að þurfa að veita þyngra en óhagræði sem það hefur í för með sér þegar tekið er tillit til sem flestra annarra aðstæðna.

4.3 Tillögur þróunarteymis Öxarfjarðarskóla og viðbrögð við þeim

Samkvæmt tillögum þróunarteymis Öxarfjarðarskóla, sem kynntar voru á íbúafundi 15. apríl 2008, yrði nemendum öllum ekið til skóla í Lundi. Þetta gildi jafnt um börn í leik- og grunnskóla. Lundur er sérstaklega tilgreindur þar sem hann sé miðsvæðis og félagslegum og menningarlegum tengslum yrði betur borgið þar þess vegna. Mötuneyti er á staðnum, góð verk- og listgreinaaðstaða sem mælendur tillögunnar telja nauðsynlega vegna mikilla sérþarfa meðal nemenda. Aðrar ástæður sem gefnar eru fyrir mikilvægi sameiningu skólalahalds eru í raun ekki sérstaklega bundnar við staðsetningu í Lundi frekar en á Kópaskeri, s.s. að nýta starfskrafta betur, auka heildarsýn yfir þarfir barnanna, bjóða upp á meira faglegt starf, aldursskiptingu og ýmsa örvun og þjálfun sem þarf að framkvæma í hóp. Í grundvallaratriðum miðast tillögur þróunarteymisins við að takmarka ókosti fámennisins á skólastarfið en jafnframt að nýta sér mögulega kosti þess því þrátt fyrir að allir nemendur svæðisins yrðu staðsettir í Lundi yrði eftir sem áður um fámennan skóla að ræða. Fram kemur að mikið álag hefur verið á starfsmenn, ekki síst síðastliðinn vetur, og væri það meðal ástæðna þess að tillögunnar koma fram á þessum tímapunkti.


Þróunarteymið gerir enn fremur að tillögu sinni að leikskólabörn komi með skólarútu ásamt starfsmanni og öðrum nemendum grunnskólans, þeim að kostnaðarlausu einnig þá daga sem að grunnskóli er ekki starfræktur. Sem dæmi var bent á að leikskólabörnum úr Skagafirði er ekið til leikskóla dag hvern í Varmahlíð. Börn 0-1 árs gætu þá verið hjá dagmömmu á Kópaskeri. Aðstaða yrði höfð tiltæk á Kópaskeri í þeim tilfellum þar sem veður yrðu of vond fyrir akstur og starfmaður leikskóla yrði með þeim þar. Einnig var vísað til árangursríks skólastarfs í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit sem ákveðinnar fyrirmyndar um sýn þróunarteymisins, en það er um 200 nemenda skóli. Í Hrafnagilsskóla er áherslan á að „hugsa alla framkvæmd skólastarfsins út frá nemandanum og líta á hlutverk skólans sem þjónustustofnun, sem þjónar nemandanum svo hann öðlist þá menntun sem leiðir til farsældar“ (Sveitarstjórnarmál, 2006a, bls. 23).

Mikil andstaða kom fram við tillögur þróunarteymisins, þ.e. útfærsluna, einkum frá íbúum á Kópaskeri og nágrenni. Rétt er að leggja áherslu á að ekki kom fram andstaða við sjálfar hugmyndirnar um heildstæðan skóla og í raun stuðningur við þær, en ekki útfærsluna og staðsetninguna. Í bréfum og undirskriftalistum³, sem skrifuð voru til sveitarstjórnar og yfirstjórnar skólamála Norðurljóps, komu fram áhyggjur íbúa á Kópaskeri og nágrenni af framtíð þorpsins, verðgildi eigna sinna o.þ.h. án skóla. Lögð var áhersla á sterka hefð fyrir skólahaldi á Kópaskeri sem ætti sér milli 80 og 90 ára sögu og væri hún samofin sögu Kópaskers sem þéttbýlis. Ýmis þjónusta og atvinnustarfsemi sem bent er á að sé í þorpinu standi þó veikt vegna fámennis. Kostir litla þéttbýlisins nytu sín ekki lengur, ef farið yrði eftir tillögunum, þar sem börn gætu m.a. gengið til skóla, farið heim í hádeginu og snætt með foreldrum. Þá virtist bréfriturum standa ógn af hugsanlegri uppbyggingu í Lundi. Fram kom mikil andstaða við að aka ætti leikskólabörnum til skóla í Lundi, það væri ekki gott fyrir ung börn og neikvæð þróun fyrir fjölskyldur og atvinnulíf. Þá var fullyrt að stærri skóli væri ekki endilega betri, auðveldara sé t.d. að fela einelti og einangrun.

³ Skýrsluhöfundar höfðu undir höndum fjögur bréf einstaklinga og tvo undirskriftarlista, annars vegar lista frá 27 foreldrum eða þorra barna við Kópaskersskóla og hins vegar lista frá almennum borgurum með samtals 65 nöfnum.

4.4 Samfélagsþróun á svæðinu

Sveitarfélagið Norðurþing varð til við sameiningu Húsavíkurbæjar, Keldunes-hrepps, Raufarhafnarhrepps og Öxarfjarðarhrepps árið 2006. Þetta er eitt víð-áttumesta sveitarfélag landsins, alls 3.729 km².



Mynd 1. Sveitarfélagaskipan á svæðinu.

Austurhluti Norðurþings, það svæði sem hér er til skoðunar, ber svipuð einkenni og gjarnan má sjá á landsbyggðinni. Norðurþing er meðal byggðarlaga með viðvarandi fólksfækkun samkvæmt skýrslu Byggyðastofnunar (2008).

4.4.1 Þróun og staða atvinnulífs

Ljóst er að þéttbýli eins og Kópasker byggir afkomu sína að verulegu leyti á þjónustu og má rekja upphaf staðarins til Kaupfélags Norður-Þingeyinga sem var stofnað 1893 og hófst starfsemin árið eftir. Föst búseta hófst þó ekki fyrr en árið 1912 og var þá opin verslun á staðnum allt árið (Bóka- og byggyðasafn Norður-Þingeyinga, 2008).

Á svæðinu við Öxarfjörð hafa frumvinnslugreinar og úrvinnslugreinar tengdar þeim⁴ verið ríkjandi. Fjölbreytni í atvinnulífi hefur því verið takmörkuð, íbúum hefur fækkað og byggð grisjast vegna brottflutnings og smærri fjölskyldna. Þá eru vegalengdir miklar en vegakerfið hefur þó batnað á undanförunum árum. Ljóst er að við þessar aðstæður verður sífellt erfiðara að halda uppi margvíslegri þjónustu

⁴ Landbúnaður og fiskveiðar ásamt kjötvinnslu og fiskvinnslu.

við íbúana sem gerð er sjálfsögð krafa um í nútímasamfélagi. Einn þessara þjónustubátta er grunnskólinn.

Kópasker er eins og svo margir þéttbýliskjarnar á landsbyggðinni byggður upp sem miðstöð þjónustu og úrvinnslu fyrir nágrennahéruð, einnig var sjávarútvegur mikilvægur þegar á leið. Þetta hlutverk hefur breyst í tímans rás og eru nokkrar ástæður fyrir því en það fylgir í stórum dráttum þróun samfélagsins úr frumframleiðslusamfélagi yfir í þjónustu- og upplýsingasamfélag. Í fyrsta lagi má nefna kvóta í fiskveiðum og landbúnaði og auk þess hefur orðið hrun í rækjuveiðum sem voru mikilvægar í Öxarfirði. Í öðru lagi má nefna aukna framleiðni í þessum greinum sem útheimta færri störf og fækkun í sveitum. Í þriðja lagi hefur aukin miðlægni þjónustu og verslunar á fáa staði á landinu haft neikvæð áhrif á störf á stöðum eins og Kópaskeri. Samgöngubætur eru nátengdar þessu en þær gera það kleift að sækja verslun og þjónustu um lengri leið til helstu miðstöðvar verslunar og þjónustu. Síðast en ekki síst, á meðan þetta gerist byggist upp atvinna þjónustu- og upplýsingasamfélagsins á helstu þéttbýlissvæðum landsins sem íbúar annarra landshluta sækir í, ekki síst ungt fólk er hefur aflað sér menntunar til slíkra starfa.

Höfundar leituðu símleidis og með tölvupósti til atvinnurekenda á Kópaskeri til að afla upplýsinga um fjölda starfa í þorpinu og reyna að sjá hvert vægi skólinn hefði í samfélaginu og hvernig atvinnulífið væri samsett.

Samtals er um 54-61 ársverk að ræða en líklega eru vantalin nokkur störf, einkum ýmis einyrkjastörf. Gróflega áætlað er 1/3 starfanna í þjónustufyrirtækjum/stofnunum og 2/3 í margvíslegum þjónustuiðnaði, flutningum o.þ.h. Athygli vekur að aðeins eitt framleiðslufyrirtæki er á staðnum, Fjallalamb en það er jafnframt stærsti vinnustaðurinn. Sjá má að Kópaskersskóli (bæði grunn- og leikskólinn) er næststærsti vinnustaðurinn og væri í raun mikil blóðtaka fyrir staðinn ef hann yrði tekinn burt í heild sinni. Um er að ræða á bilinu 12-14 prósent starfa á staðnum.


Tafla 1. Helstu fyrirtæki á Kópaskeri

Fyrirtæki	Áætlaður fjöldi ársverka
Bífreiðaskoðun	0,3
Bílaverkstæðið Röndin	3,5
Farfuglaheimilið	0,3
Fjallalamb	15-20
Hársnyrtistofan Hár-sker	1
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	3,5-4
Íslandspóstur	0,5
Kópaskersskóli	7,4
Magnavík	1
N1 - Verslunin Bakki	2,5
Norðurþing (annað en skólar)	4,82
Planki sf. byggingaþjónusta	1
RARIK	2,3
Sel sf. verktakafyrirtæki	3
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	3
Trémál ehf.	3
Vökvæþjónusta Kópaskers	2-3
Samtals þessi fyrirtæki	54-61

Í dreifbýli við Öxarfjörð eru einnig mikilvægir vinnustaðir auk landbúnaðarins s.s. fiskeldisstöðin Silfurstjarnan, Vatnajökulsþjóðgarður, Rifós, verslun í Ásbyrgi, ferðaþjónusta og Öxarfjarðarskóli í Lundi. Þá er einnig eitthvað um að íbúar, sæki daglega vinnu til Húsavíkur, ekki síst úr Kelduhverfi. Í viðtölum við íbúa á Kópaskeri kom fram að þeir teldu að íbúar annarsstaðar við Öxarfjörð sæktu lítið í þjónustu á Kópaskeri. Þá kom einnig fram að Kópaskersbúar sæki ekki mikið vinnu út fyrir þorpið.

4.5 Íbúafjöldi og breytingar hans á árunum 1998-2008

Samtals bjuggu 411 íbúar á Kópaskeri og í dreifbýli Öxarfjarðar í ársbyrjun 2008. Þar af voru 127 íbúar á Kópaskeri. Í ársbyrjun 1998 voru 493 íbúar á sama svæði og hefur íbúum því fækkað um 17% á tímabilinu. Fækkunin var hlutfallslega mest á Kópaskeri þetta tímabil 1998 og 2008 eða 30%, en 1998 bjuggu 182 íbúar á Kópaskeri. Íbúum fjölgaði um 2% í Kelduneshreppi en fækkaði um 14% í dreifbýli Öxarfjarðarhrepps.




Heimild: Hagstofa Íslands og Norðurþing (tölur vantar fyrir annað en Kópasker 2007).

Mynd 2. Íbúafjöldi í Kelduneshreppi á Kópaskeri og dreifbýli Öxarfjarðar árin 1998-2008

Ef skoðuð er hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá ári til árs, sést að mikil fækkun íbúa á Kópaskeri á árunum milli árunna 1998 og 2008 skýrist að miklu leyti af hlutfallslegri fækkun íbúa frá árinu 2000 til 2001 sem nam 13% íbúa. Á þessum tíma voru rækjuveiðar m.a. að láta undan síga í Öxarfirði sem víðar, en þær höfðu skapað mörg störf Kópaskeri. Síðan fækkaði aftur um 13% 2006 til 2007 (sjá mynd 3).

Tölur um mannfjölda til og með árinu 2006 eru fengnar af vef Hagstofu Íslands og eru fyrir 1. janúar hvers árs, www.hagstofa.is en tölur fyrir Öxarfjarðarhrepp og Kelduneshrepp árin 2007-2008 voru fengnar úr íbúaskrá Norðurþings. Eftir sameiningu sveitarfélaganna sést íbúafjöldi fyrrverandi Öxarfjarðarhrepps ekki á vef Hagstofunnar en þessi skerðing á opinberum gögnum um mannfjölda og fleira er því miður neikvæður fylgifiskur sameiningar sveitarfélaga.




Heimild: Hagstofa Íslands og Norðurþing (tölur vantar fyrir annað en Kópasker 2007).

Mynd 3. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá ári til árs á árabílinu 1998-2008

Samsetningu mannfjöldans eftir kyni og aldri á athugasvæði (í Kelduneshreppi, Kópaskeri og Öxarfirði dreifbýli) má sjá á mannfjöldapýramíðunum hér að neðan (myndir 4 og 5) annars vegar fyrir 1998 og hins vegar fyrir 2006. Miðað var við árið 2006 þar sem ekki er hægt að nálgast upplýsingar um mannfjölda eftir aldri og kyni eftir árið 2006 fyrir svæðin eins og þau voru fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Á myndunum kemur fram að breyting hefur átt sér stað á þessu tímabili og hlutfallsleg fækkun átt sér stað meðal yngri fullorðinna og yngstu barnanna. Mest var fækkun í hópi 30-34 ára karla og kvenna eða 6% hlutfallsleg fækkun. Þá fækkaði stúlkum á aldrinum 0-4 ára um 6% og drengjum á aldrinum 5-9 ára um 4%. Breytingar sem þessar eru einkennandi fyrir svæði sem hafa átt við brottflutning að stríða líkt og svæðið við Öxarfjörð. Í heildina eru 78 færri íbúar á svæðinu árið 2006 en árið 1998 sem er 15% fækkun íbúa á þessu svæði.

Árið 1998




Heimild: Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

Mynd 4. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 1998.

Á myndinni hér að ofan má sjá mannfjöldapýramída fyrir sveitarfélögin við Öxarfjörð (heildregnar línur) til samanburðar við landið í heild (skyggður flötur) árið 1998. Aldursskipting er nokkuð ójöfn eins og gjarnan má sjá á fámennari svæðum þar sem fáir eru í árgangi. Sjá má hlutfallslega færri íbúa á aldrinum 20-29 ára og svo hjá fólki á bilinu 50-54 ára. Þetta eru líklega afleiðingar brottflutnings ákveðinna aldurshópa vegna náms og starfa annarsstaðar. Hins vegar er fólk á eftirlaunaaldri hlutfallslega margt á svæðinu. Árið 2006 hefur ungu fullorðnu fólki fækkað hlutfallslega og sérstaklega á aldrinum 30-34 ára, úr 8 og 9% árið 1998 í 2 og 3%. Því kemur ekki á óvart að börn 9 ára og yngri eru hlutfallslega fá á svæðinu. Svipaða sögu er að segja með fólk á aldrinum 50-54 ára. Fólk 75 ára og eldra er hinsvegar hlutfallslega stór hluti íbúanna.

Árið 2006




□ Konur athugunarsvæði □ Karlar athugunarsvæði ■ Konur Ísland ■ Karlar Ísland

Heimild: Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

Mynd 5. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 2006.

Mynd 6 sýnir búferlaflutninga á tímabilinu í Norðurþingi og svo á Kópaskeri, hlutfall aðfluttra umfram brottflutta á hverja 100 íbúa. Hlutfallið sveiflast mjög milli ára en var áberandi neikvætt árið 2000 og 2006.




Heimild: Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

Mynd 6. Búferlaflutningar 1997-2006, aðfluttir umfram brottflutta per 100 íbúa (%).


Myndir 7 og 8 sýna flutninga til og frá Kópaskeri á tímabilinu 2000-2008. Hreyfing fólks frá Kópaskeri árið 2000 skýrist helst af flutningi fólks innan

sveitarfélagsins en líka af flutningi fólks til annarra landssvæða. Fólk sem flutti burtu árið 2006 flutti mest á milli landssvæða en einnig á milli landa. Þeir sem flutt hafa til Kópaskers eru oftast að koma úr sama sveitarfélagi.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7. Aðfluttir til Kópaskers eftir því hvaðan þeir koma á árunum 2000-2008



Heimild: Hagstofa Íslands.


Mynd 8. Brottluttir frá Kópaskeri eftir hvert þeir fara á árunum 2000-2008

Hlutfall aðfluttra umfram brottflutta á hverja hundrað íbúa helst stöðugt en neikvætt í Norðurþingi en hækkar frá árinu 2007-2008.

5 ÞRÓUN OG STAÐA SKÓLAMÁLA Á SVÆÐINU

5.1 Yfirstjórn skólamála

Núgildandi stjórnkerfi Norðurlands lítur út eins og skipuritíð hér að neðan sýnir. Í nefndahluta skipuritsins fer Menningar- og fræðslunefnd með skólamálin í umboði sveitarstjórnar. Í embættishlutanum er Menningar- og fræðslufulltrúi yfirmaður skólamála í umboði sveitarstjóra. Þannig virðast boðleiðir vera skýrar í málaflöknum og í raun ekki langar.



Mynd 9. Skipurit Norðurlands 2008

Frá haustinu 2000 var Öxarfjarðarskóli rekinn sem ein stofnun með tvo kennslustaði, á Kópaskeri og í Lundi. Einn skólastjóri var yfir stofnuninni og kennarar og annað starfsfólk ráðið til hennar en ekki tiltekins kennslustaðar. Þannig var nokkuð um að kennarar væru að kenna á báðum stöðum.

Sumarið 2008 var þessari stofnun aftur skipt í tvennt, Kópaskersskóla og Öxarfjarðarskóla (Lund). Skólastjórarnir eru nú tveir og kennarar eru ráðnir til hvorrar stofnunar fyrir sig. Þannig er möguleg samnýting starfsmanna ekki með sama hætti í þessum fámennu skólum og áður var, tilfærsla starfsmanna milli skóla hlýtur að vera þyngri í vöfum. Þá nefndu starfsmenn sem vinna á báðum stöðum að ýmislegt væri flóknara og tímafrekara s.s. þátttaka í kennarafundum á báðum stöðum.

5.2 Skólarnir, aðstaðan og þjónustan

Höfundar skoðuðu húsnæði skólanna í fylgd skólustjóra 7. og 9. október. Einnig var þeim kynnt þjónusta skólanna í stórum dráttum í þeirri heimsókn. Þrátt fyrir að sú athugun sem hér er gerð miði fyrst og fremst að ytra skipulagi skólanna var afar mikilvægt að fá þessa kynningu á starfsemi skólanna og umgjörðinni um hana. Yfirlitskort af Öxarfirði með staðsetningu skólanna er að finna í viðauka. Mörk milli skólasvæða skólanna eru um Öxarnúp eða Svelting en um þessar mundir eru aðeins börn úr þéttbýlinu á Kópaskeri í skólanum þar, engin börn eru í skóla af næstu bæjum eða af vestanverðri Sléttu.

5.2.1 Kópaskersskóli

Kópaskersskóli er áberandi bygging, staðsett í miðju þorpínu. Skólinn er byggður í kringum miðrými sem m.a. er notað fyrir samverustundir nemenda og einnig af aðilum utan skólans fyrir leik og söng. Miðrýmið var, þegar skýrsluhöfundar heimsóttu skólann, einnig notað sem heimastofa eldri deildar skólans. Tvær allstórar kennslustofur eru opnanlegar inn í þetta miðrými. Önnur þeirra er notuð fyrir yngri deildina en hin er nú notuð sem aðstaða kennara. Allrúmgóð tölvustofa er í skólanum⁵. Aðstaða er fyrir handmennt og matreiðslu í sameiginlegu rými í öðrum enda skólans. Smíðar eru staðsettar í lítilli stofu en höfðu áður mun stærra rými. Nokkur smærri rými eru í skólanum.

Árið 1992 var leikskólinn fluttur inn í skólann og var það hluti af verkefni sem kallað hefur verið „Brúum bilið“ og var ætlað til þess að auðvelda flæði milli leikskóla og grunnskóla og auðvelda leikskólanemum að færa sig upp í grunnskóla. Þannig hefur a.m.k. verið til vísir að heildstæðum skóla á Kópaskeri í ein 16 ár⁶. Rými leikskólans var áður fyrst og fremst notað fyrir smíðakennslu.

Allstórt íþróttahús stendur skammt frá skólanum. Einnig er verið að leggja lokahönd á nýtt hús fyrir félagsstarfsemi eldri borgara skammt frá skólanum. Þar verður mótuneytisaðstaða og hefur verið ræddur sá möguleiki að bjóða nemendum einnig upp á fæði þar, annað hvort með því borða þar eða í skólanum.

⁵ Tölvustofan hefur verið tekin undir kennslu eldri deildar eftir að höfundar heimsóttu skólann.

⁶ Með nýjum grunnskólalögum sem samþykkt voru sumarið 2008 var fyrirkomulag sem þetta loks skilgreint formlega.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum mætti sinna viðhaldi skólahússins betur en húsnæðið henti þó starfseminni að flestu leyti vel þrátt fyrir að vera í þrengra lagi að mati skólastjóra.

5.2.2 Öxarfjarðarskóli

Húsnæði skólans í Lundi stækkaði í raun veturinn 2008-2009 með því að íbúð kennara í skólanum var tekin undir starfsemi skólans. Er sú aðstaða nú nýtt sem starfsaðstaða kennara. Ekki er annað að sjá en að skólahúsnæðið rúmi ágætlega þá starfsemi sem þar fer fram og jafnvel væri hægt að fjölga þar nemendum að mati skólastjóra. Einnig er notuð aðstaða sumarhótel skammt frá skólanum fyrir kennslu í tónmennt. Handan þjóðvegjarins er staðsett sundlaug og íþróttahús skólans. Ágætt mótuneyti er í skólanum. Sama gildir um smíðaaðstöðu og handmennt að aðstaða virðist vera góð. Eins og á Kópaskeri er leikskólinn staðsettur í sama húsi og er fyrirkomulagið með svipuðum hætti.

Skólinn er staðsettur í náttúrulegu umhverfi sem nýtt er í kennslu. Þannig er útikennsla fastur liður í starfsemi skólans og m.a. notaður til þess skólagurinn umhverfis skólann. Kostir staðsetningarinnar virðast þannig vera nýttir ágætlega. Að sögn skólastjóra hefur verið óskað eftir því við Vegagerðina að gera úrbætur á þjóðvegnum þar sem nemendur þurfa að fara yfir hann til að fara í sund og íþróttir.

Samkvæmt upplýsingum frá kennurum og skólastjóra er aðbúnaður í skólanum almennt ágætur og hefur verið gert mikið átak í viðhaldi húsnæðisins síðustu ár, þ.e. eftir sameiningu Norðurþings. Mikið hafi borið á fjárskorti fram að því og litlar endurbætur verið gerðar.


5.3 Nemendur og kennarar

Þegar hefur verið gerð grein fyrir íbúáþróuninni á svæðinu og kemur þar fram að ungu fullorðnu fólki og börnum fækki. Þess vegna hefur íbúáþróunin sérstaklega slæm áhrif á starfsemi grunn- og leikskóla á svæðinu.

5.3.1 Nemendur

Samkvæmt gögnum frá menningar- og fræðslunefnd Norðurþings voru alls 68 nemendur í leikskólum og grunnskólum Öxarfjarðar haustið 2008. Nemendur í grunnskólunum voru 56. Meðalfjöldi nemenda á tímabilinu 2000-2008 var 68 nemendur, flestir árið 2003 (80) og fæstir haustið 2008.

Miðað við skiptinguna eins og hún var í október 2008 eru þeir nemendur sem sækja Grunnskólann í Lundi fleiri en nemendur á Kópaskeri en á það ber að líta að unglingar í 8.-10. bekk frá Kópaskeri sækja sitt nám í Lundi.




Heimild: Norðurþing.

Mynd 10. Fjöldi nemenda í skólum á athugunarsvæðinu 2000-2008

Mynd 10 sýnir þróun nemendafjölda⁷. Nemendum í 1.-7. bekk á Kópaskeri fækkaði á tímabilinu úr 31 barni í 19 og hefur í raun fækkað meira en í Grunnskólanum á Lundi. Hlutfallslega fækkun nemenda á Kópaskeri var 61% af því sem var árið 2000 en í Lundi fækkaði nemendum um 3%. Þó má sjá að nemendum á Kópaskeri hefur fjölgað frá að þeir voru fæstir á tímabilinu 2005-2007 en hins vegar hefur fækkað mikið í Lundi frá því að þar voru flestir nemendur 2005 eða um 35%.

⁷ Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra Öxarfjarðarskóla 7. desember 2008 hafa tveir nemendur (á yngsta- og miðstigi) flust frá Kópaskersskóla í Lund frá hausti 2008. Tveir nemendur munu bætast við í Kópaskersskóla um áramót 2008-09.



Heimild: Hagstofa Íslands og Norðurling.

Mynd 11. Fjöldi barna 0-15 ára eftir búsetu


Mynd 11 sýnir fjölda barna 0-5 ára á Kópaskeri og í dreifbýli Öxarfjarðar eftir fæðingarári. Börn á aldrinum 0-5 ára eru samtals 18 þar af 6 á Kópaskeri (skv. íbúaskrá Norðurling (Menningar- og fræðslunefnd Norðurling). Samkvæmt nemendalista leikskólanna eru 7 börn í leikskóla á Kópaskeri og 5 í Lundi veturinn 2008-2009.

Framreiknaður nemendafjöldi

Sé nemendafjöldi skólanna framreiknaður miðað við fjölda nemenda þeirra haustið 2008 og fjölda íbúa 0-5 ára á skólasvæðunum 2008⁸ kemur í ljós að fækkun nemenda er almenn á svæðinu en þó meiri meðal barna á Kópaskeri. Ekki er tekið mið af búferlaflutningum en væri það gert má búast við að fækkunin gæti orðið meiri en hér er sýnt þar sem brottfluttir hafa verið fleiri en aðfluttir á undanförunum árum. Myndir 6-8 hér að framan sýna þá stöðu fyrir Kópasker en sambærilegum tölum fyrir dreifbýlið er ekki að skipta. Þar að auki eru áhrif búferlaflutninga á einstaka aldurshópa misjafnlega mikil. Mestur er brottflutningur á meðal ungra fullorðinna⁹, þ.e. foreldra yngstu barnanna og bera mannfjöldapýramídar þessa glögg merki sbr. umfjöllun um íbúafjölda hér að ofan.

⁸ Forsendur: Gengið er út frá að nemendur sem eru á forskólaaldri færast upp í grunnskóla þar sem þeir búa nú. Börn fædd á Kópaskeri fari í 1.-7. bekk á Kópaskeri og að þau börn sem fæðast í dreifbýli Öxarfjarðar fari í skóla í Lundi.

⁹ Tíðni búferlaflutninga er almennt mest hjá fólki á aldrinum 20-35 ára.



Heimild: Hagstofa Íslands og Norðurlþing.

Mynd 12. Framreikningur á fjölda barna miðað við nemendafjölda og íbúaskrá 2008.

Nemendur skólanna yrðu samkvæmt þessu 37 alls veturinn 2012–13 í stað 56 nú. Þetta jafngildir 34% fækkun. Nemendum héldi áfram að fækka mjög í Grunnskólanum á Kópaskeri miðað við gefnar forsendur, eða um 52%. Jafnframt myndi fækka í Lundi, um 27% frá því sem nú er. Þetta er líklegt til að hafa neikvæð áhrif á félagslegt umhverfi barnanna. Fámennið og þessi áhrif er meðal þess sem foreldrar kvörtuðu yfir í rýnihópum og gildir svipað um Kópasker og Lund í þeim efnum. Við núverandi aðstæður væri erfitt fyrir nemendur að finna sér vini í nemendahópnum. Ef þeir fáu einstaklingar sem eru á svipuðu reki passa illa saman væri við ákveðinn vanda að stríða fyrir viðkomandi.

5.3.2 Kennarar og annað starfsfólk

Munur er á mönnun skólanna, sérstaklega eftir að þeim var skipt í tvær stofnanir sumarið 2008¹⁰. Aðeins voru tveir starfsmenn við skólann á Kópaskeri með kennararéttindi, þegar skýrsluhöfundar heimsóttu skólann í 2. viku október 2008, annar leikskólakennari en jafnframt skólastjóri og deildarstjóri leikskóla og yngri deildar (1.-4. bekk). Hinn er grunnskólakennari og deildarstjóri eldri deildar (5.-7. bekk)¹¹. Þá er einn leiðbeinandi í kennaranámi. Þessi mönnun skólans og áberandi skortur á fagmönnum er athyglisverður í ljósi þess að hluti nemendanna

¹⁰ Þann 20. maí 2008 rituðu fimm menningarnir í þróunarteymi Öxarfjarðarskóla bréf til sveitarstjórnar Norðurlþingis þar sem fram kom að þær myndu starfa við deildina í Lundi næsta skólaár.

¹¹ Kennarinn fór í veikindaleyfi haustið 2008 eftir að kennsla hófst og auglýsti sveitarstjórn í framhaldinu eftir kennara í deildarstjórastöðu.

býr við sérþarfir að einu eða öðru leyti samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra. Fram kom á fundi með starfmönnum að álag á þá væri mikið eins og vænta má við þessar aðstæður.

Taflan hér að neðan sýnir fjölda kennara og annars starfsfólks við Kópaskersskóla veturinn 2008-2009 miðað við starfsheiti.

Tafla 2. Starfsmenn Kópaskersskóla 2008- 2009

Staða	Stöðuhlutfall
Leikskólakennari/ skólastjóri/leiðbeinandi 1-4.b.	100%
Grunnskólakennari	100%
Leiðbeinandi 5-7. bekk	100%
Leiðbeinandi textílmennt 1-7. b., 1-4. b. náttúrufræði og heimilisfræði (í réttindanámi við HÍ)	35%
Leiðbeinandi, tónmennt 1-7. b. enska, danska 5-7. b	44%
Stundakennari íþróttir 1-7. b.	11,5%
Stundakennari/leiðbeinandi 1-4. b.	22%
Stuðningsfulltrúi 1-4. b.	53%
Stuðningsfulltrúi og skólaliði (blandað starf)	100%
Leiðbeinandi leikskóla	85%
Leiðbeinandi leikskóla	89%
Iðjupjálfi	30%
Samtals stöðugildi	7,7

Heimild: Skólastjóri Kópaskersskóla og Menningar- og fræðslufulltrúi Norðurþings

Enginn sérkennari er starfandi í Kópaskersskóla. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra nýtir skólinn sérkennara (iðjupjálfa í 30% starfshlutfalli) sem starfar annars í Lundi. Fleiri kennarar kenna á báðum stöðum þ.e. þeir sem kenna íþróttir, tónmennt og handmennt.¹²

Skólinn í Lundi stendur um þessar mundir mun betur að vígi en skortur á kennurum hefur þó oft verið vandamál á undanförunum árum. Hlutfall kennara í starfslíði er hins vegar hátt núna. Smíðar eru ekki kenndar við skólana þar eð smíðakennari sem vann á báðum stöðum hætti störfum í tengslum við umrót í skólamálu og að Öxarfjarðarskóla var skipt í tvennt sumarið 2008. Mikið er um, og hefur verið, að leiðbeinendur við Öxarfjarðarskóla séu í fjarnámi til að afla sér kennararéttinda. Taflan hér að neðan sýnir mönnun Öxarfjarðarskóla samkvæmt skýrslu skólastjóra til Hagstofunnar:

¹² Upplýsingar um stöðugildi voru uppfærðar lítillega í samráði við Menningar- og fræðslufulltrúa Norðurþings í febrúar 2009.

Tafla 3. Starfsmenn Öxarfjarðarskóla 2008- 2009

Staða	Stöðuhlutfall
Skólastjóri	100%
Deildarstjóri	100%
Deildarstjóri	70%
Grunnskólakennari	100%
Leiðbeinandi	23%
Leiðbeinandi	50%
Leiðbeinandi	70%
Leiðbeinandi	85%
Leiðbeinandi	40%
Leiðbeinandi	100%
Leiðbeinandi	70%
Leiðbeinandi	100%
Matráður	100%
Matráður	90%
Matráður	20%
Matráður	20%
Skólaliði	80%
Skólaliði	100%
Stuðningsfulltrúi	100%
Samtals stöðugildi	14,18

Heimild: Skólastjóri Öxarfjarðarskóla og Menningar- og fræðslufulltrúi Norðurþings

Samkvæmt töflunni hér að ofan eru 19 starfsmenn við skólann í rúmlega 14 stöðugildum. Hér eru taldir með allir starfsmenn skólans með svipuðum hætti og gert var í tilviki Kópaskersskóla¹³.

5.4 Skólaakstur

Vegalengdir ásamt íbúafjölda og dreifingu mannfjöldans á svæðinu hafa mikið um það að segja hvaða forsendur eru til skipulags skólamála og breytinga á því. Vegalengdir eru talsverðar og byggð hefur verið að grísjast á undanförunum árum. Skólaakstur er stundaður á fjórum leiðum út frá skólunum tveimur:

¹³ Upplýsingar um stöðugildi voru uppfærðar lítillega í samráði við Menningar- og fræðslufulltrúa Norðurþings í febrúar 2009.

Tafla 4. Skólaakstursleiðir

Akstursleið	Km önnur leið	Athugasemdir
Kópasker - Lundur	30	Bíll frá Kópaskeri sem tekur upp nemendur í Öxarfirði á 4 bæjum (unglingar 8.-10. bekk Lundu)
Fjöll - Lundur	32	Bíll um Kelduhverfi, tekur nemendur upp á 8 stöðum
Tóveggur - Þjóðvegamót	3	Akstur nemenda í veg fyrir rútuna úr Kelduhverfi
Gilsbakki - Lundur	6	Öxarfjörður, langur afleggjari
Ærlækjarsel - Leifsstaðir - Sandfell - Lundur	21	Öxarfjörður, tveir langir afleggjarar til að stytta leið bíls frá Kópaskeri

Heimild: Norðurþing

Til þess að átta sig á vegalengdum milli staða og misjafnlega miðlægri staðsetningu kennslustaða var ákveðið að taka saman upplýsingar um helstu vegalengdir. Þannig má sjá hvaða staðsetningar kennslustaða koma einkum til greina ef miðað er við að nemendur fari ekki „óhóflega“ langa leið milli heimilis og skóla. Hvað telst óhóflegt í þessu samhengi er afstætt og fer líklega mikið eftir því hverju nemendur og foreldrar hafa vanist í þeim efnum og þeim valkostum sem staðið er frammi fyrir hverju sinni.

Talsverðar vegalengdir eru á svæðinu. Þær eru samt, miðað við núverandi skipulag skólamála, vel innan þeirra marka sem oft er miðað við, þ.e. um 40 mínútna akstur hvora leið¹⁴. Því miður hafa hvorki sveitarfélög, samtök þeirra né yfirvöld menntamála sett reglur um hámarks tímalengd í skólaakstri¹⁵.

Taflan hér að neðan sýnir vegalengdir milli skólanna á Kópaskeri og í Lundu auk Húsavíkur og Raufarhafnar. Vegalengdir eru fengnar frá Vegagerðinni úr vegaskrá og sérstakri handbók sem tekin var saman hjá Vegagerðinni á Akureyri (Vegagerðin, 1990 og 2007). Tölur eru námundaðar við einn kílómetra.

¹⁴ 40 mínútna akstur þýðir um 40 km vegalengd miðað við 60 km meðalhraða á klst. og 43 km miðað við 65 km meðalhraða á klst.

¹⁵ Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneyti er unnið að setningu reglugerða við ný lög um grunnskóla. Verða viðmiðanir um aksturstíma í skólaakstri meðal þess sem þar verður kveðið á um. Væntanlega verða þessar reglugerðir settar veturinn 2008-2009.

Tafla 5. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.

	Kópasker	Lundur	Húsavík	Raufarhöfn
Kópasker		29	97	55
Lundur	29		67	83
Húsavík	97	67		151
Raufarhöfn	55	83	151	
Fjöll	61	32	46	
Víkingavatn	54	25	44	
Skúlagarður	46	18	50	
Tóveggur	40	11	61	
Ásbyrgi (verslun)	36	7	60	
Gilsbakki	34	5		
Núpur	19	11		
Valbjófsstaðir	9	21		
Leirhöfn	14	43		41
Núpskatla	26	55		43
Blikalón	30	59		25

Heimild: www.vegagerðin.is

Vegna mikilla fjarlægða komu hvorki vegalengdir frá Húsavík austur fyrir Ásbyrgi né vegalengdir frá Raufarhöfn vestur fyrir Leirhöfn til frekari skoðunar.

Lengstur er skólaakstur á svæðinu frá Fjöllum í Kelduhverfi í Lundur um 32 km og tekur sá akstur að hámarki 30-35 mínútur samkvæmt upplýsingum frá skólabílstjóra. Lagt er af stað frá Fjöllum kl. 7.45 og hefst skólinn kl. 8.20. Svipað gildir um akstur milli Kópaskers og Lundar. Leggur skólabíll af stað frá Kópaskeri kl. 7.45. Út frá Kópaskeri eru lengstu vegalengdirnar út á Melrakkasléttu, t.d. um 30 km til Blikalóns. Þaðan eru hins vegar 25 km til Raufarhafnar en engir nemendur eru núna á þessu svæði.

Í umræðunni um breytingar á skólamáli á svæðinu hefur verið bent á þann möguleika af andstæðingum tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla að sameina allt skólahaldið á Kópaskeri. Börnum frá vestanverðu Kelduhverfi mætti þá að þeirra mati aka til Húsavíkur í skóla.

Til að kanna hvort hugmyndir sem þessar geti komið til greina, var ákveðið að skoða milli hvaða staða gæti verið um „raunhæfar“ eða „ásættanlegar“ vegalengdir að ræða. Taflan hér að neðan, sem inniheldur sömu upplýsingar og

taflan að framan, er tilraun til þess að skoða þetta. Breytingin er sú að allar vegalengdir milli staða sem eru umfram 40 km eru litaðar rauðar.

Tafla 6. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.

	Kópasker	Lundur	Húsavík	Raufarhöfn
Kópasker		29	97	55
Lundur	29		67	83
Húsavík	97	67		151
Raufarhöfn	55	83	151	
Fjöll	61	32	46	
Víkingavatn	54	25	44	
Skúlagarður	46	18	50	
Tóveggur	40	11	61	
Ásbyrgi (verslun)	36	7	60	
Gilsbakki	34	5		
Núpur	19	11		
Valþjófsstaðir	9	21		
Leirhöfn	14	43		41
Núpskatla	26	55		43
Blikalón	30	59		25

Heimild: www.vegagerðin.is

Samkvæmt töflunni hér að ofan lenda allmargir bæir utan 40 km marka (rautt í töflunni) en þau eru hér sett sem ákveðið viðmið þar sem varla er raunhæft að leggja til lengri skólaakstur en það á þessu svæði.

Sjá má að eftirfarandi svæði liggja utan þessara 40 km marka frá einstökum kennslustöðum:

- Frá Húsavík: allt svæðið austan Tjörnness.
- Frá Kópaskeri: svæðið vestan Ásbyrgis.
- Frá Lundi: svæðið norðan Kópaskers.
- Frá Raufarhöfn: Melrakkaslétta vestan Sigurðarstaða.

Þannig er ljóst að vegalengdir setja breytingum verulegar skorður.

Snjómokstursreglur Vegagerðarinnar má sjá á korti í viðauka. Á svæðinu háttar þannig til að Norðausturvegur (85) liggur eftir því endilöngu og skólaaksturinn á sér því að langmestu leyti stað á vegi sem hefur hátt þjónustustig í vetrarþjónustu. Eins og fram kemur einnig á korti Vegagerðarinnar í viðauka eru nokkrir staðir á Norðausturvegi sem eru meðhöndlaðir sérstaklega með tilliti til hálkuvarna, ekki

síst vegurinn um Tjörnes. Að mati starfsmanns Vegagerðarinnar á Húsavík er vegurinn um Tjörnes verri yfirferðar á veturnum en vegurinn um Öxarfjörð og Kelduhverfi. Þó kom fram í viðtali við verktaka sem sér um snjómokstur að slæmur kafli sé við svokallað Núpshorn, skammt frá Silfurstjörnunni þar sem sviptivindar geta verið afar slæmir.

Í umhverfismati fyrir veg um Hólaheiði (VSÓ Ráðgjöf, 2005) kom fram að eftir að framkvæmdum verður lokið muni allt þjónustukerfi Vegagerðarinnar hafa breyst og því sé óraunhæft að tilgreina hvaða þjónustustig verði á einstökum vegum sem ekki tilheyra stofnvegakerfinu, þar á meðal á núverandi vegi um Melrakkasléttu. Ef tekið er mið af núverandi þjónustu á sambærilegum vegum má álykta að líklegt sé að mokað yrði tvisvar í viku.

6 VIÐHORF Í SAMFÉLAGINU

Rætt var við foreldra barna í Lundi og á Kópaskeri, dagana 7. og 9. október, um forsendur til breytinga á skólalaginu og sýn þeirra á þjónustu skólanna. Stuðst var við aðferðafræði rýnihópa. Þessi viðtöl gefa vísbendingar um viðhorf til skólamála í samfélaginu, eins og þau eru nú, og hvaða forsendur eru til breytinga. Við val á foreldrum var miðað við að um væri að ræða fulltrúa barna í leikskóla, á yngsta-, mið- og unglingsstigi og sem jafnasta skiptingu milli karla og kvenna. Í Lundi var auk þess reynt að hafa sem jafnasta landfræðilega dreifingu í búsetu þátttakenda. Sérfræðingar RHA sáu alfarið um að velja fulltrúa í hópana og að boða þá á fundina.

Þar sem fram hefur komið að margir óttast að fyrirhuguð breyting á skólalaginu muni hafa mikil áhrif á byggð á Kópaskeri var ákveðið að ræða einnig við einstaklinga úr atvinnulífinu um afstöðu þeirra til breytinga.

Síðast en ekki síst var rætt við skólustjóra og starfsfólk skólanna sem vörpuðu ljósi á þætti í starfsemi skólanna, viðhorf til breytinga, um samskipti heimila og skóla o.fl.

6.1 Foreldrahópur á Kópaskeri

Talað var við sex foreldra barna í Kópaskersskóla og/eða sem eiga ungling frá Kópaskeri er sækir nám í Lund og var jöfn skipting milli kynja. Greinilegt var að foreldrar á Kópaskeri hafa miklar áhyggjur af skólalaginu og því umróti sem skapaðist vorið 2008 þegar kom fram tillaga þróunarteymis Öxarfjarðarskóla sem fól í sér að loka skólanum á staðnum og flytja alla nemendur og leikskólabörn í Lund. Má einkum greina þessi viðhorf í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða áhyggjur af eiginlegu skólastarfi og að ung börn yrðu sett í skólaakstur í annan skóla. Hitt sjónarmiðið tengist byggðamálum og snýst um þann missi sem þorpið yrði fyrir ef helsta stofnun þess og einn stærsti vinnustaður yrði lagður af og hluti starfanna færðist til Lunda.

Ljóst er að engin sátt er í foreldrahópnum um að loka skólanum alveg eins og til stóð samkvæmt tillögunni sem fram kom vorið 2008. Hlutverk skólans í samfélaginu er metið mikið jafnvel þó að fækkað hafi í skólanum frá því hann var á blómaskeiði sínu. Hlutverk skólans sem þjónustustofnunar sé meira en venjulegs grunnskóla þar sem leikskólinn er einnig hluti hans og hafi verið allt frá

árinu 1992. Mikil áhersla er lögð á að kostir við núverandi skipan sé m.a. nálægð heimilis og skóla. Hægt sé að fara heim í matarhléum og ganga í og úr skóla. Fram kom að foreldrasamstarf sé ekki mjög virkt en að tillagan um breytingar á skólamálu sem kom fram í vor hafi þjappað foreldrahópnum mjög saman. Nokkur samskipti eru milli skólanna tveggja við Öxarfjörð, s.s. um skipti á kennurum og kennsla í sérgreinum og lýstu foreldrar ánægju með það en töldu að skipting skólanna í tvær stofnanir sumarið 2008 hefðu minnkað það samstarf. Fram kom það sjónarmið að unnist hafi ákveðinn sigur í málinu þar sem hindra tókst að skólanum væri lokað fyrir veturinn 2008-2009. Almennt var talið að skólaakstur nemenda í 8.-10. bekk til Lundar gengi vel og að almenn ánægja væri með nám þeirra þar. Hvað varðar námsárangur voru foreldrar almennt sáttir. Áhyggjur af íbúafækkun voru greinilegar og að sú mannfæð sem er á svæðinu og þ.a.l. í skólanum hafi neikvæð áhrif á félagsleg samskipti nemenda, sérstaklega í eldri árgöngum. Þannig ráði tilviljun því of mikið hvaða vini nemendur geti eignast við þær aðstæður þegar aðeins 2-3 nemendur eru í sama árgangi. Fram komu væntingar um að einhverjir gætu sótt vinnu í álver við Húsavík frá svæðinu og að þannig gæti framtíð þorpsins styrkst en óvissa um þetta væri þó að sjálfsögðu mikil.

6.2 Foreldrahópur í Lundi

Að mörgu leyti koma fram svipuð viðhorf meðal foreldra barna í Lundi sem voru þó ekki í þeirri stöðu að þurfa að verja tilvist síns skóla. Voru átta þátttakendur á fundi með skýrsluhöfundum. Við val í hópinn var miðað við að þessir foreldrar kæmu sem víðast af skólasvæði Öxarfjarðarskóla, væru fulltrúar mismunandi aldurs barna og álíka margar konur og karlar. Er það mat skýrsluhöfunda að tekist hafi að ná þessu markmiði.

Almennt ræddu foreldrarnir meira út frá aðstæðum í skólanum í Lundi og kostum og göllum hans í stað þess að ræða þær aðstæður sem sköpuðust í samfélaginu vorið 2008 eftir að tillaga um breytt skólastarf hafði verið lögð fram. Er þessi munur milli foreldrahópanna skiljanlegur þar sem ekki er sama varnarbarátta fyrir hendi hvað þennan skóla varðar.

Eitt það fyrsta sem foreldrarnir minntust á var að kjarni tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla frá í apríl 2008 hefði ekki náð að ræðast sem skyldi. Kjarni tillögunnar varði í reynd hag barnanna og rétt þeirra til sem bestar þjónustu og

félagslegra aðstæðna. Fram kom sú skoðun að það sé afar mikilvægt, líka fyrir börn í skólanum í Lundi, að fjölgi í nemendahópnum til að auka félagsleg samskipti barnanna. Þannig er þessi þörf alls ekki einskorðuð við grunnskólann á Kópaskeri. Frá þessum foreldrahópi eru kostirnir samfara tillögunum yfirgnæfandi enda yrði fjölgun í þeirra skólahverfi bæði á nemendum og störfum.

Foreldrum í Lundi finnst flestum að á þessu svæði sé eitt samfélag, „*samfélagið, í okkar huga byrjar við brekkuna [á austanverðu Tjörnesi] og endar fyrir utan Kópasker*“ eins og kom fram í máli eins viðmælanda en ákveðinn fleinn sé í því hvað varðar skólamálin. Tillögur um að endurskoða fyrirkomulag skólamála hafi tvisvar komið fram áður og þá í tengslum við sparnað í rekstri, enda hafi gamli Öxarfjarðarhreppur ekki getað gert mikið annað en reka skólana og sveitarstjórnarskrifstofuna. Nú sé tillaga um sameiningu skólans á einn stað lögð fram til að bæta þjónustu við börn og foreldra en ekki vegna fjárhagslegra ástæðna. Fram kom í hópnum að ekki komi til greina að skipta nemendahópnum upp þannig að hluti hans, úr vestanverðu Kelduhverfi, fari til Húsavíkur.

Skólaakstur fékk góða umsögn í foreldrahópnum og m.a.s. var haft á orði að stundum væri ákveðin tilhlökkun meðal barna að byrja í skóla og fara með skólabílnum. Þetta má túlka í því ljósi að engar væntingar eru um annað í dreifbýlinu, skólaakstur er sjálfsagður hlutur, ólíkt því sem tíðkast í þéttbýli. Þau sögðu samt ekki koma til greina að keyrt yrði með börn frá vestanverðu Kelduhverfi og til Kópaskers. Yfir 60 km akstur hvora leið væri einfaldlega of langt. Lundur væri miðlæg staðsetning sem þau vilja halda í. Álíka langt sé til Lundar frá vestustu bæjunum í Kelduhverfi og frá Kópaskeri til Lundar. Fram kom þó skilningur á andstöðu foreldra á Kópaskeri við því að senda leikskólabörn í skólabíl til Lundar. Almennt virtist meiri hreyfanleiki vera til staðar í sveitinni en meðal viðmælanda á Kópaskeri. Þetta kom m.a. fram í afstöðu foreldra til þess að sækja vinnu af bæ þótt það hafði í för með sér talsverðan akstur, enda kom t.d. fram í viðtali við framkvæmdastjóra Silfurstjórnunnar að þar væru fáir starfsmenn frá Kópaskeri. Svo virðist sem ákveðnar hefðir hafi skapast í þessu sambandi.

Mikil ánægja var með alla þjónustu við börnin í Lundi, bæði hvað varðar kennsluna en ekki síður alla umgjörð skólastarfsins s.s. samfelldan skóladag þar sem boðið er upp á mat og gæslu og tómstundastarf fyrir börnin þar til þau fara

til síns heima með skólabíl. Umgjörðin og öryggi barnanna var metið mikið. Ekki síst var ánægja með tilraunastarfið um heildstæðan skóla: „*mér finnst alveg rosalegur lúxus að geta sent barnið mitt í skóla, vitandi það að þau fá að borða í hádeginu, að það sé mötuneyti í hádeginu, og ennþá meiri lúxus að þessa þrjá daga sé lengdur skólatími þar sem þau fá kaffi, félagsstörf og íþróttir saman og annað slíkt*“ sagði foreldri barns í Lundi.

Góð reynsla mun vera af skólasókn nemenda frá Kópaskeri til Lundar á unglingsstigi, hóparnir sem þarna koma saman slípist yfirleitt fljótt og vel saman. Þá kom fram að almennt gangi vel þegar nemendur frá Kópaskeri fari til Lundar í sundkennslu en það hefur verið reglubundinn viðburður á hverjum vetri. Mikilvægt sé að láta krakkana frá Kópaskeri finna að þau séu velkomin, t.d. með því að gera ráðstafanir til að þau hafi sín borð til að snæða við, stað til að geyma dótið sitt o.s.frv. Þessu hafi verið kippt í lag fljótlega eftir að þetta fyrirkomulag hófst.

Foreldrum finnst sveitarfélagið hafa gert góða hluti á sviði skólamála frá sameiningu. Búið sé að fara í löngu tímabært viðhald í Lundi og aðbúnaður allur hafi batnað. Þá sé tilraunin um heildstæðan skóla mikil og jákvæð viðbót við þjónustu skólans. Neikvæð umræða um skólamálin í framhaldi af tillögum þróunarteymisins í apríl 2008 hafi haft neikvæð áhrif s.s. hvað varðar mönnun skólanna, en þrír kennarar hafi hætt störfum. Á móti komi að kennarar sem áður voru bæði að kenna á Kópaskeri og Lundi hafi alfarið flutt sig til Lundar.

6.3 Fulltrúar fyrirtækja og framfarafélags

Skýrsluhöfundar áttu auk foreldra, sem eru flestir hverjir einnig þátttakendur í atvinnulífinu, einnig fund með forsvarsmönnum stærstu fyrirtækjanna á svæðinu. Þetta eru Fjallalamb og Silfurstjarnan. Þá var og rætt við formann framfarafélags Öxarfjarðar á fundi. Ljóst er að þótt tillagan frá í apríl 2008 hafi snúist um að breyta þjónustunni í grunnskólanum á tiltekinn hátt, þá snúist baráttan fyrir því að halda opnum skólanum á Kópaskeri um að slík breyting á skólahaldi grafi alvarlega undan byggðinni á Kópaskeri og þar með atvinnulífinu á staðnum. Því þótti skýrsluhöfundum nauðsynlegt að kanna þau viðhorf sem fulltrúar atvinnulífsins gætu haft fram að færa í þessu sambandi.

Fjallalamb er stærsti vinnuveitandinn á Kópaskeri með um 15-20 ársverk. Á álagstímum, einkum sláturtíð, er starfsfólk mun fleira eða allt að 60-70 manns. Flestir viðbótarstarfsmenn eru aðkomumenn. Samkvæmt viðtali við fram-

kvæmdastjóra fyrirtækisins snúa áhyggjur fyrirtækisins, hvað skipan skólamála varðar, einkum að áframhaldandi starfsemi leikskóla á staðnum. Ef öll starfsemi leikskóla á svæðinu verður staðsett í Lundi er óttast að það auki fjarvistir starfsmanna á Kópaskeri frá vinnu vegna veikinda barna og ýmissa samskipta foreldra við leikskólann. Þannig verði allt tímafrekara ef þurfi að fara til Lundar vegna slíkra atriða heldur en í þorpið. Reynslan sýni að fjarvistir foreldra leikskólabarna séu almennt tíðari en annarra starfsmanna. Ef eitthvert atvinnulíf eigi að þrífast á Kópaskeri þurfi a.m.k. að vera þar leikskóli og lögð er áhersla á fagmenntun starfsfólks og góða þjónustu. Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við mismunandi fyrirkomulag grunnskólamála á svæðinu. Fram kom að vinnutíma starfsmanna hafi verið breytt þannig að nú er hálf tíma matarhlé í stað klukkutíma áður. Þannig gefst foreldrum og börnum ekki mikill tími til að snæða saman í hádeginu sem þó hefur verið talinn einn af kostum þess að búa í litlu þéttbýli eins og Kópaskeri. Að koma upp mótuneyti fyrir leik- og grunnskóla sé sameiginlegt hagsmunamál heimila og Fjallalambs. Í umræðum um stöðu atvinnulífsins almennt, kom fram að það hafi átt mjög undir högg að sækja og störf hjá sveitarfélaginu, þ.á.m. skólanum hafi meira vægi en áður. Önnur þjónustufyrirtæki séu lítil eins og sjá má reyndar í kafla 4.4.1. Talsverð endurnýjun hefur átt sér stað í dreifbýli við Öxarfjörð en minni í Kelduhverfi og lítið sem ekkert norðan Kópaskers sem sé mikið áhyggjuefni. Þróunin gæti þó snúist við enda um afar gott sauðfjárræktarsvæði að ræða.

Rætt var við formann Framfarafélags Öxarfjarðar en félagið hefur beitt sér nokkuð fyrir áframhaldandi tilveru skólans á Kópaskeri. Að sögn hans skiptir tilvist skóla á Kópaskeri miklu fyrir ákvörðun fólks um að setjast þar að. Ef gera eigi upp á milli einstakra skólastiga þá sé þó mikilvægara að hafa leikskóla staðsettan á Kópaskeri heldur en grunnskóla. Ekki komu fram athugasemdir við það fyrirkomulag að kenna unglíngum alls svæðisins í Lundi, það hafi gefist vel, svo og sameiginleg kennsla s.s. sundkennsla. Ef skóli leggist af á staðnum hefur fólk áhyggjur af því hvaða áhrif það hefur á aðra þjónustu þar. Sá hluti íbúanna sem er á skólaaldri sé þá ekki í þorpinu lungann úr deginum. Sama gildi um kennara og annað starfsfólk skólans sem býr á Kópaskeri. Þetta fólk sækir a.m.k. ekki aðra þjónustu í þorpinu yfir daginn. Þetta lýsir því ágætlega hvernig lítið er á skólann sem mikilvægan vinnustað í samfélaginu og jafnframt á starfsmenn hans

sem neytendur annarrar þjónustu. Þetta gagnkvæma mikilvægi þjónustubátta er meðal einkenna þéttbýlissamfélagsins.

Hjá fiskeldisfyrirtækinu Silfurstjörnunni var rætt við framkvæmdastjóra og annan starfsmann. Þar kom fram að breytingar á skólamálunum skv. tillögu þróunarteymisins hefðu lítil áhrif á fyrirtækið. Hjá fyrirtækinu eru 13-14 ársverk en hafi verið um 20 fyrir nokkrum árum. Flestir starfsmenn fyrirtækisins búi sunnar í Öxarfirði og í Kelduhverfi. Á Kópaskeri byggju fáir starfsmenn Silfurstjörunnar og almennt virtist vera lítið um að vinna væri sótt út fyrir þorpið. Almennt séð, þá sé fámenni þó aðalvandamálið við að reka fyrirtæki eins og Silfurstjörnuna á þessum slóðum. Erfitt sé að manna fyrirtækið þegar álagspunktur eru í starfseminni. Nokkuð sé um 2ja-3ja mánaða ráðningar en þó sé t.d. minna um slátrun fisks en áður sem minnkar þannig álagstoppa. Á álagstoppum séu um 20 manns starfandi hjá fyrirtækinu.

Samskonar viðhorf kom fram hjá Silfurstjörnunni, og hjá Fjallalambi hvað varðar skilning á vægi skólans sem vinnustaðar á Kópaskeri og sem eins mikilvægasta hlekksins í atvinnulífi staðarins.

Í tengslum við gagnaöflun um miðjan nóvember var hringt í eða sendur tölvupóstur á flest fyrirtæki á Kópaskeri sem gáfu betri innsýn í atvinnulíf staðarins og viðhorf til skólalahalds þar. Flestir sem rætt var við höfðu áhyggjur af áhrifum þess á atvinnulífið að leggja niður skólann skv. tillögu.

6.4 Samantekt um viðhorf í samfélaginu

Ekki kemur á óvart að andstaða við tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla sé einkum til staðar á Kópaskeri. Hana er einkum að finna í foreldrahópnum en einnig meðal kennara, fólks í atvinnulífinu og víðar. Í Lundi eru önnur viðhorf ríkjandi og áherslan er á þjónustu skólans og nýta tækifæri til að efla hana. Þannig komu fram óskir um að stækka þann skóla með því að leggja Kópaskersskóla við hann í því skyni að auka félagslegt samneyti barna. Þegar lítið er til atvinnulífsins þá er það í meira mæli leikskólinn sem menn hafa áhyggjur af. Verði hann ekki lengur til staðar á Kópaskeri geti það haft áhrif á fjarvistir foreldra leikskóla frá vinnu. Einnig voru áhyggjur af minnkandi notkun á þjónustu samfara lokun skólans.

Sammerkt er meðal viðmælenda að þeir hafa áhyggjur af þróun byggðar á svæðinu. Þessi þróun grafi undan svæðinu á margan hátt. Ein birtingarmyndin er sú að erfitt er að halda áfram úti tveimur kennslustöðum á svæðinu. Önnur birtingarmynd er sú að sífellt færri standa undir annarri þjónustu sem verið er að halda úti í samfélaginu en hún er fyrst og fremst á Kópaskeri. Þriðja birtingarmyndin er sú að erfitt reynist fyrir fyrirtækin að fá nægt fólk til starfa, sérstaklega á álagstoppum. Varnarbarátta svæðisins hefur staðið lengi og er vörðuð áföllum og lokunum vinnustaða. Líta verður á viðhorf íbúa á Kópaskeri gagnvart fram komnum tillögum um skólamál í þessu ljósi.

7 VALKOSTIR UM BREYTT FYRIRKOMULAG SKÓLAMÁLA

Sýnt þykir að það sé ekki raunhæfur valkostur við þessar aðstæður að flytja í heild sinni allt skólalald undir eitt þak, hvorki í Lundi né á Kópaskeri. Hvorki er samstaða né samstarfsgrundvöllur um slíkt fyrirkomulag í samfélaginu í heild. Breytingin eins og hún kemur fram í tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla þykir þannig of kostnaðarsöm samfélagslega.

Almennt er litið svo á að leikskóli sé meiri nærþjónusta en grunnskóli. Andstaða við flutning leikskólans frá Kópaskeri er þannig enn meiri en við flutning grunnskólans. Þrátt fyrir að samstarf leik- og grunnskóla á Kópaskeri eigi sér sögu til ársins 1992 þá hafa ný lög um grunn- og leikskóla skapað nauðsynlegan ramma um samfellu í kennslu milli leikskólabarna og yngstu nemenda grunnskólans.

Algeng viðhorf um þörf á félagslegum samskiptum nemenda, sérstaklega á efri stigum komu fram meðal viðmælenda. Gildir þetta bæði um Kópasker og Lund.

Skólinn á Kópaskeri er mikilvægasta þjónustustofnunin á staðnum og einn mannfrekasti vinnustaðurinn. Líkur eru á að lokun hans muni hafa neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í þorpinu.

Vegalengdir innan Öxarfjarðar setja því skörður hvaða staðsetningar koma til greina fyrir skóla á svæðinu. Lundur hefur mun miðlægari staðsetningu en Kópasker miðað við búsetu nemenda. Þó yrði heldur langt frá Sléttu til Lundar en engin börn þaðan eru í skóla um þessar mundir.

Alger lokun skólans á Kópaskeri og nýting hússins fyrir aðra starfsemi en skóla gæti gert mjög erfitt um vik að snúa til baka ef aðstæður breytast með þeim hætti að þróun byggðarinnar útheimti að skólastarf yrði hafið þar að nýju.

Allir valkostirnir hér að neðan miða við að skóli við Öxarfjörð sé rekinn sem ein stofnun eins og hann var frá haustinu 2000 til vorsins 2008. Ýmislegt bendir til þess að skipting skólanna við Öxarfjörð í tvær stofnanir sumarið 2008 hafi haft neikvæð áhrif. Það á t.d. við um samnýtingu kennara og samanburð nemenda og foreldra á því þjónustuframboði sem er til staðar í hvorum skóla fyrir sig. Þá ætti í einni stofnun að vera auðveldara að breyta fyrirkomulagi skólamála eftir því sem þróun samfélagsins gefur tilefni til hverju sinni.

Þeir þrír valkostir sem einkum virðast koma til greina um fyrirkomulag skólamála á svæðinu eru eftirfarandi:

1. Einn skóli og tveir kennslustaðir, sama fyrirkomulag og til vors 2008.
2. Leikskóli og yngsta stig grunnskóla áfram á Kópaskeri en 5.-10. bekkur af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.
3. Leikskóli áfram á Kópaskeri en allir grunnskólanemar af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.

Eins og sjá má, telja skýrsluhöfundar ekki koma til greina að leggja af allt skólahald á Kópaskeri í samræmi við tillögur þróunarteymis Öxarfjarðarskóla. Samfélagið þar þarf að lágmarki að hafa leikskóla á staðnum og fara þar saman þarfir fyrirtækja og heimila eins og fram kom í kafla 6 um viðhorf í samfélaginu. Löng hefð er fyrir samstarfi leik- og grunnskóla á Kópaskeri eða allt frá árinu 1992 er leikskólinn flutti inn í skólann, sbr. verkefnið „Brúum bilið“. Skilgreind eru meiri og formlegri tengsl skólastiganna í nýjum grunnskólalögum og er efling slíks starfs í anda þeirra tillagna sem fram komu hjá þróunarteymi Öxarfjarðarskóla. Bent er á þann möguleika að börn í skólanum á Kópaskeri fái heitan mat í hádeginu í tengslum við þjónustumiðstöð eldri borgara, ætla má að þar fari saman hagar atvinnulífs og fjölskyldna. Í viðtölum kom fram að það að börn og foreldrar færu heim í hádeginu hafi verið einn af kostunum við að búa í litlu þéttbýli sem þessu. Í ljósi þess að stærsti vinnustaðurinn, Fjallalamb er aðeins með hálf tíma matarhlé og að þróunin í atvinnulífinu sé almennt sú sama telja skýrsluhöfundar að rétt sé að bjóða upp á mat í skólanum. Einnig er bent á að með því að ráðstafa ekki skólahúsinu á Kópaskeri varanlega til annarra nota en skóla- og/eða leikskólahalds verður auðveldara að gera breytingar á skólahaldi þegar og ef aðstæður krefjast. Ljóst er að ein forsendan fyrir skólastarfi er að til starfa fái hæft starfsfólk og mikilvægt er að leggja áherslu á þann þátt.

Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir þeim valkostum sem samfélagið stendur frammi fyrir.

7.1 Valkostur 1: Einn skóli og tveir kennslustaðir, sama fyrirkomulag og til vors 2008

Hér er í raun um að ræða óbreytt fyrirkomulag með því fráviki að um verði að ræða eina stofnun líkt og Öxarfjarðarskóli var til vorsins 2008. Einnig er gert ráð fyrir að tilboð til nemenda um þjónustu á hvorum stað fyrir sig yrði sambærilegt eftir því sem við verður komið. Liður í því er að kanna möguleika á að bjóða nemendum

upp á heitan mat í hádeginu í félagsheimili eldri borgara á Kópaskeri. Báðir skólar fái fulla þjónustu í samræmi við náms- og félagslegar þarfir nemenda og að þeir fái notið þeirrar þróunarvinnu sem er í gangi með heildstæðan skóla.

Helstu kostir:

- Mest sátt virðist um þetta fyrirkomulag í samfélaginu á Kópaskeri, löng hefð er fyrir þessari skipan mála og best komið til móts við þær væntingar sem þar ríkja.
- Unnt er að samnýta kennara og starfsfólk milli tveggja kennslustaða.
- Þörf fyrir nærþjónustu leikskóla yrði notið á báðum stöðum.

Helstu ókostir:

- Samræmist ekki tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla um faglega sýn á heildstæðan skóla undir sama þaki, þar sem ekki var lengur talið henta faglega að hafa skólann á tveimur stöðum vegna fámennis.
- Að hefja starf aftur með sama sniði og til vors 2008 gæti reynst erfitt þ.e. samstaða í samfélaginu um skólamál hefur minnkað sem gerir starfs-umhverfið í skólunum erfitt.
- Fámenni veldur því að félagsleg samskipti nemenda eru takmörkuð og gildir það um báða kennslustaðina, námshópar eru ekki sameinaðir fyrir en í 8. bekk.

7.2 Valkostur 2: Leikskóli og yngsta stig grunnskóla áfram á Kópaskeri en 5.-10. bekkur af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.

Hér er einnig gert ráð fyrir að einn grunnskóli verði við Öxarfjörð. Sama gildi um fyrirkomulag skólamála og sagt er um valkost 1. Hins vegar er hér gert ráð fyrir að miðstigið á Kópaskeri fari til Lundar. Hér er þannig að hluta til farið að tillögum þróunarteymisins og komið til móts við sjónarmið um að auka möguleika nemenda miðstigs skólanna á félagslegum samskiptum enda aukast þarfir nemenda í þeim efnunum eftir því sem líður á skólagönguna. Aðlaga mætti frekar lengda viðveru og heimanám í skólanum á Kópaskeri að þörfum yngri skólastiga. Önnur útfærsla á þessum valkosti gæti verið að hafa 1.-3. bekk á Kópaskeri en þá yrði það enn fámennari eining.

Helstu kostir:

- Hér er um málamiðlun að ræða sem meiri líkur eru á að sátt náist um í samfélaginu og sem samræmist að hluta tillögu þróunarteymis Öxarfjarðar um heildstæðan skóla undir sama þaki.
- Unnt er að samnýta kennara og starfsfólk milli tveggja kennslustaða.
- Þörf fyrir nærþjónustu leikskóla yrði notið á báðum stöðum áfram.
- Aukinni félagslegri þörf nemenda grunnskóla er svarað fyrir á skólagöngunni en við núverandi skipan.
- Rúmt verður um þá starfsemi og nemendur sem verða eftir á Kópaskeri.
- Meira svigrúm verður til að auka samfellu á milli leikskóla og grunnskóla á Kópaskeri.
- Fleiri nemendur bætast í nemendahóp í Lundi á miðstigi og geta notið tómtunda og frístundastarfs þar.

Helstu ókostir:

- Yngstu börnin verða í minni hóp en þau eldri og félagsleg samskipti við jafnaldra því minni en ella.
- Nemendur frá Kópaskeri þurfa að fara fyrir í skólaakstur.
- Fækkar í samfélaginu á Kópaskeri á þeim tíma dags sem börn og kennarar þaðan stunda nám og vinnu í Lundi. Getur haft neikvæð áhrif á aðra þjónustu og atvinnulíf á staðnum.

7.3 Valkostur 3: Leikskóli áfram á Kópaskeri en allir grunnskólanemar af núverandi skólasvæði Kópaskersskóla stundi skóla í Lundi.

Langflestir viðmælendur töldu nauðsynlegt að leikskóli yrði rekinn áfram á Kópaskeri. Færu þar saman þarfir atvinnulífsins og heimilanna.

Helstu kostir:

- Hér er í stórum dráttum verið að koma til móts við þau faglegu sjónarmið sem lögð voru til grundvallar í tillögu þróunarteymis Öxarfjarðarskóla vorið 2008.
- Þörf fyrir nærþjónustu leikskóla yrði notið á báðum stöðum áfram og komið til móts við óskir atvinnulífs og heimila í þeim efnum.
- Unnt er að samnýta leikskólakennara og annað starfsfólk milli tveggja kennslustaða.

Helstu ókostir:

- Nemendur frá Kópaskeri þurfa að fara í skólaakstur þegar í upphafi grunnskólagöngu.
- Fækkar í samfélaginu á Kópaskeri á þeim tíma dags sem börn og kennarar þaðan stunda nám og vinnu í Lundi. Getur reynst óheppilegt fyrir aðra þjónustu og atvinnulíf á staðnum.
- Langur skólaakstur verður af svæðinu norðan Kópaskers til Lundar ef skólabörn koma þaðan á næstu árum.
- Húsnæði Kópaskersskóla verður í raun vannýtt.

7.4 Umræða og samantekt

Tvennskonar sjónarmið eru uppi um mikilvægi skólans fyrir samfélagið. Annars vegar er um að ræða þjónustuhlutverk skólans en í 2. gr. grunnskólalaga segir svo: „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun...“ Hitt sjónarmiðið snýr að þróun byggðar; að skólinn sé mikilvægur sem vinnustaður og fyrir byggðapróun viðkomandi staðar. Vega þarf saman þessi tvö sjónarmið.

Ef gengið er út frá því sjónarmiði að þjónusta við börnin sé það sem fyrst og fremst beri að líta til, þegar valið stendur á milli einstakra kosta í fyrirkomulagi skólamála, má álykta sem svo að ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi skólamála. Þannig fái nemendur sem besta og fjölbreyttasta kennslu og að félagslegt umhverfi sé sem best. Þannig má taka undir margt af því sem fram kemur í tillögum þróunarteymis Öxarfjarðarskóla.

Samkvæmt hinu sjónarmiðinu eru allar aðgerðir sem minnka vægi skólans líklegar til þess að hafa neikvæð áhrif á byggð. Taka verður undir þau sjónarmið íbúa á Kópaskeri að það er afdrífarikt skref að stíga að leggja þar af allt grunnskólalag. Líklegt má telja að það hafi neikvæð áhrif á atvinnulíf og þjónustu á staðnum.

Ljóst er að engin sátt er um að leggja af allt skólalag á Kópaskeri. Leikskóli þarf að vera þar að minnsta kosti. Hvað grunnskólann varðar stendur valið um að hafa stöðuna óbreytta eða kenna aðeins yngsta stigi (þ.e. 1.-4. bekk) á staðnum. Hvort tveggja kemur til greina. Það kemur líklega betur til móts við félagslegar þarfir nemenda á miðstigi að þeir flytjist frá Kópaskeri til Lundar. Ljóst er að nemendahópurinn sem eftir yrði á Kópaskeri (yngsta stig

og leikskóli) yrði þá fámennur. Verði sú leið farin er nauðsynlegt að þeir sem að skólastarfinu koma fylgist sérstaklega með námi þessa hóps og félagslegum áhrifum þessara breytinga. Rétt er að líta svo á að skipulag skólamála geti tekið breytingum og að stundum eru breytingar óumflýjanlegar ef aðstæður hagast þannig í samfélaginu. Ef breytingar reynast óumflýjanlegar, þarf að leitast við að nálgast þær með jákvæðu hugarfari og reyna að nýta sér þau tækifæri sem í þeim felast. Hér hefur verið leitast við að veða saman sjónarmiðin hér að ofan sem þurfa þó ekki að vera andstæður. Ef samfélagi því sem börnin búa í er borgið hefur það jákvæð áhrif á hag barnanna. Þannig hlýtur sjónarmiðið um þróun byggðar að hafa talsvert vægi í skipulagi þjónustu af þessu tagi.

HEIMILDIR

- Bell, A og Sigsworth, A. (1987). *The Small Rural Primary School – A Matter of Quality*. London: The Falmer Press.
- Bóka- og byggðasafn Norðurþingeyinga (2008). *Sjá heimasíðuna* <http://www.islandia.is/boknord/knt.htm>
- Frumvarp til laga um grunnskóla. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)
- Hagstofa Íslands (2008). *Gögn um mannfjölda og nemendafjölda á upplýsingavefnum* www.hagstofa.is
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (2000). *Small Schools, Interaction and Empathy: A Study of Teachers' Behaviour and Practices, with Emphasis on Effects on Pupils with Special Needs*. Dr. ritgerð. University of Bristol.
- Lög um grunnskóla, nr. 91 12. júní 2008
- Margrét Harðardóttir, Sigþór Magnússon. (1990). *Fámennir skólar. Niðurstöður úr könnun*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólaþróunardeild.
- Mál og menning (2004). *Kortabók, 1.300.000*. Reykjavík: Mál og menning.
- Norðurþing (2008). *Óbirt gögn um íbúa- og nemendafjölda*.
- Rúnar Sigþórsson (2003). „Í góðum fámennum skóla er starf sem allir skólar geta tekið sér til fyrirmyndar“ Viðtal við Dr. Adrian Bell fyrrverandi dósent við kennaradeild háskólans í Norwich í Englandi. [Sótt á vef Rúnars Sigurþórssonar HA 22. 8. 2005: <http://notendur.unak.is/not/runar/Ritskra/adrian.htm>].
- Þróunarteymi í Öxarfjarðarskóla (2008). *Öxarfjarðarskóli – Krílakot. Heildstæð skólafestun undir einu þaki. Barnið í brennidepli*. Dreifibréf (einblöðungur).
- Sveitarstjórnarmál (2006a). Grunnskólinn á að þjóna nemendum. [viðtal við Karl Frímansson, skólastjóra Hrafnagilsskóla]. *Sveitarstjórnarmál, 6. tbl. 66. árgangur*, bls. 22-24.
- Sveitarstjórnarmál (2006b). Skóli er fámennu sveitarfélagi mikilvægur [viðtal við Ólaf Arngrímsson, skólastjóra Stórutjarnaskóla]. *Sveitarstjórnarmál, 1. tbl. 66. árgangur*, bls. 10-11.
- Vegagerðin (1990). *Vegalengdir í Norðurlandsumdæmi eystra 1990*. Akureyri: Vegagerðin.
- Vegagerðin (2008). *Sjá heimasíðuna* www.vegagerdin.is
- VSÓ Ráðgjöf (2005). *Norðausturvegur um Hólaheiði. Katastaðir – Sævarland – Raufarhöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla*. Reykjavík: Vegagerðin.

Viðmælendaskrá:

- Aðalbjörg Sigurvaldadóttir, skólastjóri Kópaskersskóla, 7. október 2008.
- Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Silfurstjörnunnar, 9. október 2008
- Benedikt Björgvinsson, Farfuglaheimilinu Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalamb, 7. október 2008.
- Einar Garðar Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Kópaskers, 17. nóvember 2008.
- Eyþór Margeirsson, Vökvaþjónusta Kópaskers, 17. nóvember 2008.
- Guðmundur Magnússon, Magnavík ehf., Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Guðmundur Magnússon, starfsmaður Fjallalamb og formaður Framfarafélags Öxarfjarðar, 7. október 2008.
- Guðni Olgeirsson, sérfræðingur hjá Menntamálaráðuneytinu, 13. nóvember 2008.
- Guðrún S. Kristjánsdóttir, skólastjóri Öxarfjarðarskóla, 9. október 2008.
- Ingólfur Árnason, yfirverkstjóri Vegagerðinni á Húsavík, 8. október 2008.
- Jón Kristján Ólason, Trémál ehf., Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Kristbjörg Sigurðardóttir, Versluninni Bakka, 17. nóvember 2008.
- Kristín H. Árnadóttir, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, 17. nóvember 2007.
- Marínó Eggertsson, Planki sf. Byggingarþjónusta, Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Olga Gísladóttir, starfsmaður Silfurstjörnunnar, 9. október 2008.
- Rannveig Halldórsdóttir, Hársnyrtistofunni Hár-sker, Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Sigríður Benediktsdóttir, Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis og Íslandspósti, 17. nóvember 2008.
- Skúli Þór Jónsson, Bifreiðaverkstæðinu Röndinni, Kópaskeri, 17. nóvember 2008.
- Stefán Grímsson, Sel sf. verktakafyrirtæki, Kópaskeri, 17. nóvember 2008.

Hópvíðtöl:

Rýnihópur foreldra við Kópaskersskóla, 7. október 2008.

Starfsfólk við Kópaskersskóla, 7. október 2008.

Rýnihópur foreldra við Öxarfjarðarskóla, 9. október 2008.

Starfsfólk við Öxarfjarðarskóla, 9. október 2008.

Viðauki 1. Tillaga þróunarteymis Öxarfjarðarskóla 15. apríl 2008 sem borin var í hús á skólasvæðinu.

Öxarfjarðarskóli – Krílakot

Heildstæð skólastefna undir einu þaki

Barnið í brennidepli

Kynningarfundur í Lundi þriðjudaginn 15. apríl kl. 20:30

Þróunarteymi í Öxarfjarðarskóla, þ.e. Huld Aðalbjarnardóttir, Guðrún S. Kristjánsdóttir, Hrund Ásgeirsdóttir ásamt Guðrúnu Margrét Einarsdóttur leikskólakennara og sérkennslufulltrúa Öxarfjarðarskóla og Elísabeth Hauge skólastjóra Krílakots sjá sér ekki fært annað, í ljósi aðstæðna, en að óska eftir því að deildir verði sameinaðar og settar undir eitt þak.

Við teljum okkur með þessu móti geta boðið upp á heilstæðara skólastarf í báðum stofnunum og þar með betri aðstæður fyrir starfsfólk, nemendur og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að kennsla, stuðningur og heimanám ásamt tólmstundastarfi sé samfelldur vinnudagur hjá nemendum og starfsfólki.

Við teljum þetta fyrirkomulag geta leyst ýmis vandamál sem hafa komið upp. Við höfum kannað aðstæður og færar leiðir í því skyni að koma starfsseminni undir eitt þak strax við upphaf næsta skólaárs haustið 2008. Niðurstaða okkar, með hag og heill heildarinnar allrar eins og hægt er við þessar aðstæður í huga, að besta leiðin sé að koma allri starfseminni fyrir í Lundi með heildstæðan skóla og mótuneyti í huga.

Við erum fyrst og fremst að leita leiða til að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda okkar og fjölskyldna þeirra með teknu tilliti til þróunar og samsetningu nemendahópsins. Við erum sannfærðar um að með því að byggja upp sterka menntastofnun með heildstæðri skólasýn og ríkri samstöðu, munum við styrkja innviði samfélagsins enn frekar. Þess vegna óskum við eftir tækifæri til þess að kynna tillögur okkar og um þær skapist málefnalegar umræður. Einnig finnst okkur mikilvægt að allir aðilar skólasamfélagsins fái tækifæri til að hafa áhrif á þessa sameiginlegu skólasýn.

Bergur Elías Ágústsson, sveitastjóri, Gunnlaugur Stefánsson, formaður skólaneftdar, Erla Sigurðardóttir, menningar og fræðslufulltrúi og Sigurður Aðalgeirsson, kennsluráðgjafi, mæta á fundinn en við höfum kynnt þeim tillögur okkar.

Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn og að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Elisabeth Hauge,
Guðrún Margrét Einarsdóttir,
Guðrún S. Kristjánsdóttir,
Hrund Ásgeirsdóttir,
Huld Aðalbjarnardóttir

Viðauki 2. Kort af Öxarfirði, skólarnir og mörk skólasvæða.



Heimild: Sigurður Aðalgeirsson (tölvupóstur, 9.12.2008)/grunnkort: Mál og menning (2004)

Viðauki 3. Sjómokstursreglur á svæðinu sem athuginin tekur til 2007-2008 samkvæmt vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is.

